



## Ritgerð til B.A.-prófs í almennum málvísindum

**Ég er ekki að skilja þetta**

Athugun á eðli og útbreiðslu útvíkkaðs framvinduhorfs  
í máli íslenskra ungmenna

Salome Lilja Sigurðardóttir

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir

**Maí 2019**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HUGVÍSINDASVIÐ

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Almenn málvísindi**

**Ég er ekki að skilja þetta**

Athugun á eðli og útbreiðslu útvíkkaðs framvinduhorfs í máli íslenskra ungmenna

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Salome Lilja Sigurðardóttir**

**Kt.: 190496-2529**

**Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir**

**Maí 2019**

## **Þakkir**

Við gerð þessarar ritgerðar hafa margir boðið fram hjálparhönd. Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Sigríði Sigurjónsdóttur, fyrir góða leiðsögn. Sigríði Sigurjónsdóttur og Eiríki Rögnvaldssyni vil ég þakka fyrir að bjóða mér að koma að rannsóknarverkefni sínu, *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem aðstoðarmaður síðastliðin tvö misseri og fyrir að leyfa mér að skrifa ritgerð um hluta af niðurstöðum verkefnisins. Samstarfsfólki mínu við verkefnið á ég margt að þakka. Þorbjörgu Þorvaldsdóttur vil ég þakka fyrir ómetanlega aðstoð við tölfræðilega úrvinnslu. Dagbjörtu Guðmundsdóttur, Einari Frey Sigurðssyni og Irisi Eddu Nowenstein vil ég þakka góða aðstoð og hvatningu. Að lokum vil ég þakka Hannesi Kristni Árnasyni fyrir góða aðstoð í *R* og Victori mínum fyrir samfylgdina í gegnum allt háskólanámið.

## Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í almennum málvísindum við Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar er útvíkkun á notkunarsviði framvinduhorfs sem tjáð er með setningagerðinni *vera að* + *nh*. Til þess að sögn geti staðið í framvinduhorfi þarf hún að uppfylla tvö merkingarleg skilyrði. Annars vegar þarf frumlag hennar að hafa eiginleikann stjórn og hins vegar þarf verknaðurinn sjálfur að hafa tímabindingu. Útvíkkað framvinduhorf tekur sérstaklega til verknaðargerðarinnar ástands. Venjulegar ástandssagnir uppfylla hvorugt fyrrnefndra skilyrða sem framvinduhorf krefst. Með útvíkkun framvinduhorfs öðlast ástandssagnir annan hvorn þessara merkingarlegu eiginleika og geta því staðið í framvinduhorfi, ólíkt því sem áður var.

Í þessari ritgerð verður útbreiðsla útvíkkaðs framvinduhorfs á síðustu 12 árum athuguð. Kenningar hafa verið settar fram um hugsanleg áhrif ensku á tilkomu og útbreiðslu tilbrigðisins. Því verða áhrif enskuílags þátttakenda á tilbrigðið könnuð. Athugunin beinist að íslenskum ungmennum á aldrinum 13-15 ára. Stuðst er við niðurstöður úr tveimur rannsóknum sem gerðar voru með u.þ.b. 12 ára millibili. Niðurstöður rannsóknarverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (2016-2019) verða bornar saman við niðurstöður úr rannsóknarverkefninu *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* (2005-2007). Fyrst eru niðurstöður rannsókna tveggja á útvíkkun framvinduhorfs með fimm ástandssögnum bornar saman. Samanburðurinn sýnir að samþykki á útvíkkuðu framvinduhorfi hefur aukist með öllum fimm sögnum á þeim 12 árum sem liðu á milli rannsókna tveggja. Niðurstöður athugunarinnar benda því til að útvíkkað framvinduhorf sé enn að breiðast út í íslensku. Síðan er fylgni milli samþykkis á útvíkkuðu framvinduhorfi og hlutfalls ensku í heildarílagi (e. *input*) þátttakenda rannsökuð út frá niðurstöðum *Greiningar á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar sýna enga fylgni milli hækkandi hlutfalls ensku í heildarílagi og samþykkis á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi í þeim gögnum sem hér er til athugar. Frekari úrvinnsla úr gögnum rannsóknarinnar gæti þó leitt aðrar niðurstöður í ljós meðal yngri aldurshópa.

# Efnisyfirlit

Þakkir .....	1
Ágrip .....	2
Töfluskrá .....	4
Myndaskrá.....	5
1 Inngangur .....	6
2 Útvíkkað framvinduhorf .....	8
2.1 Málfræðilega formdeildin <i>horf</i> .....	9
2.2 Útvíkkað framvinduhorf og verknaðargerðir sagna.....	12
3 Rannsóknir á útvíkkun framvinduhorfs .....	19
3.1 Fyrri umfjallanir.....	19
3.2 Tilgátur um ensk áhrif.....	21
3.3 <i>Tilbrigði í íslenskri setningagerð</i> .....	23
3.4 <i>Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis</i> .....	24
4 Úrvinnsla gagna og niðurstöður.....	27
4.1 Gögn og aðferðir .....	27
4.2 Niðurstöður og tölfræðileg úrvinnsla.....	31
4.3 Umræður .....	37
5 Lokaorð .....	40
Heimildaskrá.....	41
Viðauki.....	43

## Töfluskrá

Tafla 1. Samsettar tíðir í málfræði Björns Guðfinnssonar.....	9
Tafla 2. Ósamsettar tíðir í málfræði Björns Guðfinnssonar.....	10
Tafla 3. Þáttatafla yfir eiginleikana stórn og tímabindingu eftir verkaðargerð.....	16
Tafla 4. Setningar á dómaprófi í Tilbrigðaverkefninu og SMS.....	28

## Myndaskrá

Mynd 1. Sögnin <i>að skilja</i> með framvinduhorfi í Tilbrigðaverkefninu og SMS.....	31
Mynd 2. Sögnin <i>að átta sig</i> með framvinduhorfi í Tilbrigðaverkefninu og SMS.....	32
Mynd 3. Sögnin <i>að elska</i> með framvinduhorfi í Tilbrigðaverkefninu og SMS.....	33
Mynd 4. Sögnin <i>að standa</i> með framvinduhorfi í Tilbrigðaverkefninu og SMS.....	34
Mynd 5. Sögnin <i>að búa</i> með framvinduhorfi í Tilbrigðaverkefninu og SMS.....	34
Mynd 6. Samantekt dóma í Tilbrigðaverkefninu og SMS.....	35
Mynd 7. Fylgni milli enskuílags og útvíkkaðs framvinduhorfs.....	36

# 1 Inngangur

Á undanförunum árum hefur nokkuð borið á umræðu um tilbrigði í máli Íslendinga sem hefur verið nefnt útvíkkað dvalarhorf eða útvíkkað framvinduhorf og jafnvel stundum kallað handboltahorf til gamans. Dvalarhorf eða framvinduhorf er eitt þriggja horfa í íslensku og er tjáð með setningagerðinni *vera að* + nh. Það gerir mælandanum kleift að vísa til tíma sem er í framvindu þegar setningin er sögð eða var í framvindu innan tímaramma tiltekinna kringumstæðna. Framvinduhorf er ekki hægt að nota með öllum sögnum. Ræðst það af því hvort verknaðurinn sé þess eðlis að hann geti verið í framvindu. Útvíkkun framvinduhorfs felst í því að sagnir sem áður gátu ekki fengið framvindumerkingu geta nú í auknum mæli staðið í framvinduhorfi. Eitt algengasta dæmi um útvíkkað framvinduhorf í daglegu tali er setningin „ég er ekki að skilja þetta“ í stað þess að segja „ég skil þetta ekki“.

Í þessari ritgerð verður fjallað um lítinn hluta af niðurstöðum öndvegisverkefnis Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar sem ber heitið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Ljóst er að íslenska er undir miklum áhrifum frá ensku um þessar mundir, einkum og sér í lagi vegna tilkomu stafrænna miðla. Verkefnið snýr að því að kanna áhrif sem enska kann að hafa á íslensku í kjölfar þeirrar tæknibyltingar sem hefur átt sér stað á síðustu árum. Eitt þeirra atriða sem könnuð eru í verkefninu eru ýmis tilbrigði í íslensku nútímamáli. Þar á meðal er útvíkkun framvinduhorfs í íslensku. Ófáir hafa haldið því fram að útvíkkað framvinduhorf sé tilkomið vegna áhrifa frá ensku. Því er full ástæða til þess að kanna hvort að stafrænt málsambýli íslensku og ensku hafi haft áhrif á útbreiðslu útvíkkaðs framvinduhorfs.

Hér á eftir verður fjallað um útvíkkun framvinduhorfs í máli Íslendinga á aldrinum 13-15 ára. Rannsóknarspurningarnar eru tvær. Í fyrsta lagi mun ég kanna hvort notkun á útvíkkuðu framvinduhorfi hafi færst í aukana á síðustu árum. Til þess mun ég styðjast við niðurstöður úr öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar *Greiningu á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (SMS) og bera þær saman við niðurstöður öndvegisverkefnis Höskuldar Þránínssonar *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* þar sem öflun gagna fór fram 12 árum fyrr. Í öðru lagi mun ég kanna hvort magn ensks máláreitis, eða ílags, meðal 13-15 ára Íslendinga í SMS-verkefninu kunni að hafa áhrif á það hvort einstaklingar samþykki notkun á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi.



Efnisskipan ritgerðarinnar er á þá leið að í 2. kafla verður fjallað um málfræðileg atriði sem varða útvíkkað framvinduhorf. Þar mun ég greina frá því hvaða merkingalegu breytingar eiga sér stað til þess að sagnir sem áður gátu ekki haft framvindumerkingu geta nú staðið í útvíkkuðu framvinduhorfi í auknum mæli. Í 3. kafla verður fjallað um fyrri umfjallanir og rannsóknir á sviði útvíkkaðs framvinduhorfs. Fyrst verður gefið almennt yfirlit yfir nokkur af fyrri skrifum um tilbrigðið. Næst verður fjallað um tilgátur um ensk áhrif á tilkomu og útbreiðslu útvíkkunar framvinduhorfs. Loks verður greint frá öndvegisverkefnunum tveimur, *Tilbrigðum í íslenskri setningagerð* og *Greiningu á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Í 4. kafla verður sagt frá aðferðum og niðurstöðum athugunar minnar á gögnum úr *Greiningu á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* og rannsóknarspurningunum tveimur svarað. Undir lok kaflans verða síðan settar fram umræður um niðurstöður rannsóknarinnar. Að lokum verður efni ritgerðarinnar dregið saman í 5. kafla og farið verður yfir hvaða ályktanir megi draga af niðurstöðum hennar.

## 2 Útvíkkað framvindahorf

**Dvalarhorf** er eitt þriggja horfa í íslensku en hin tvö nefnast **byrjunarhorf** og **lokið horf** (Þórunn Blöndal 1993:129-130). Dvalarhorf er myndað með setningagerðinni *vera að* + *nh.* og hefur nokkrar mismunandi merkingar. Aðalmerking dvalarhorfsins er svokallað **framvindahorf** sem tjáir framvindu verknaðar eins og nafnið gefur til kynna. Ekki eru allar sagnir þess eðlis að þær geti staðið með orðasambandinu *vera að* + *nh.* þar sem merking þeirra gefur ekki kost á framvindu.

Sögnum í tungumálum heimsins er skipt í fjórar **verknaðargerðir** eftir því hvers konar verknaði þær lýsa: **ástand**, **athöfn**, **atburð** og **aðgerð** (Höskuldur Þráinsson 2005:487). Sagnir, eða réttara sagt sagnliðir, þurfa að uppfylla tvö merkingarleg skilyrði til að geta staðið með framvindahorfi. Í fyrsta lagi þurfa þær **tímabindingu** og í öðru lagi þarf frumlag þeirra að vera gerandi sem gerir það að verkum að hann hefur **stjórn** á verknaðinum (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:37). Sem dæmi má nefna setninguna „ég er að lesa bók“ þar sem frumlagið, *ég*, hefur **stjórn** á verknaðinum og sagnliðurinn, *er að lesa bók*, hefur **tímabindingu** þar sem um er að ræða afmarkaðan tíma sem það tekur að lesa bók. Setningin uppfyllir bæði skilyrði um stjórn og tímabindingu þar sem sögnin *að lesa* flokkast sem **aðgerð**. Sagnliðir sem tjá viðvarandi **ástand** uppfylla hins vegar hvorugt þessara skilyrða og hafa því yfirleitt ekki getað staðið í framvindahorfi í íslensku. Sem dæmi má nefna sagnliðinn í setningunni „ég er að standa“ sem hljómar óeðlilega í eyrum flestra málhafa íslensku. Sagnliðurinn hefur hvorki fyrirfram ákveðna **tímabindingu** né neins konar þróun í tíma. Þar að auki er frumlagið, *ég*, ekki gerandi og hefur þannig ekki **stjórn** á verknaðinum, *að standa*.

Notkun framvindahorfs hefur tekið nokkrum breytingum í íslensku á undanförunum árum þar sem notkunarsvið þess hefur víkkað. Þannig hafa ýmsar ástandssagnir sem tjá skoðun, eins og sögnin *að skilja*, breyst að því leyti að nú þykir mörgum eðlilegt að nota þær með setningagerðinni *vera að* + *nh.* í framvindumerkingu. Dæmi um þessa nýju notkun er setningin „ég er ekki að skilja þetta“ þar sem um er að ræða sögn sem hefur óvirkt frumlag sem ekki hefur **stjórn** á verknaðinum. Fram undir miðja síðustu öld virðist sögnin *að skilja* ekki hafa falið í sér þróun eða **tímabindingu** í íslensku. Með nýrri notkun á sögnum með setningagerðinni *vera að* + *nh.* hefur merking slíkra sagna hliðrast.

Í þessum kafla verður fjallað um setningafræðileg hugtök sem tengjast útvíkkun framvindahorfs í íslensku nútímamáli. Í kafla 2.1 verður fjallað almennt um málfræðilegu

formdeildina horf. Kafli 2.2 fjallar um verknáðargerðir sagna og þá merkingarlegu eiginleika sem sagnliðir þurfa að hafa til þess að geta staðið í framvinduhorfi með setningagerðinni *vera að* + nh.

## 2.1 Málfræðilega formdeildin *horf*

Hugtakið **málfræðileg formdeild** er þýðing á enska hugtakinu *grammatical category*. **Málfræðilegar formdeildir** eru reglubundnar flokkanir málfræðilegra eiginleika sem taka til allra (eða nær allra) orða tiltekins orðflokks (Eiríkur Rögnvaldsson 1990:42). Hver og ein formdeild hefur síðan yfirleitt tvær eða fleiri undirdeildir. Ein formdeild nafnorða í íslensku er til dæmis tala og undirdeildir hennar eru tvær: eintala og fleirtala. Þessi íslenska þýðing hugtaksins, málfræðileg formdeild, var tekin upp í kennslu við Háskóla Íslands á síðari hluta 20. aldar (Höskuldur Þráinsson 1999:182). Þá hefur einnig verið talað um **beygingarformdeildir** (sjá t.d. Kristján Árnason 1980:34) í sömu merkingu sem við eigum þó eftir að sjá hér rétt á eftir að á ekki alltaf við í bókstaflegri merkingu.

Lýsing á íslenskri málfræði hefur breyst nokkuð í gegnum tíðina. Oft hefur verið tekist á um flokkun málfræðilegra formdeildacog þá sérstaklega þeirra sem taka til sagna. Lengi var hefð fyrir því að málfræði ýmissa tungumála væri lýst út frá latneskri málfræði (Höskuldur Þráinsson 1999:185). Kennslubók Björns Guðfinnssonar, *Íslensk málfræði handa grunnskólum og framhaldsskólum*, hefur til dæmis verið notuð við móðurmálskennslu frá 1940 og allt fram á þessa öld (Eiríkur Rögnvaldsson 2015). Í henni segir að íslenska hafi átta tíðir. Þar af séu tvær **ósamsettar**, nútíð og þátíð, og sex **samsettar**, núliðin tíð, þáliðin tíð, framtíð, þáframtíð, skildagatíð og þáskildagatíð (Björn Guðfinnsson 1958:66-67). Í töflu 1 má sjá samsettu tíðirnar sex í þriðju persónu eintölu af sögninni *að ganga*.

Samsettar tíðir	
<b>Núliðin tíð</b>	Hún hefur gengið
<b>Þáliðin tíð</b>	Hún hafði gengið
<b>Framtíð</b>	Hún mun ganga
<b>Þáframtíð</b>	Hún mun hafa gengið
<b>Skildagatíð</b>	Hún myndi ganga
<b>Þáskildagatíð</b>	Hún myndi hafa gengið

Tafla 1: Samsettar tíðir í málfræði Björns Guðfinnssonar.

Tíðirnar eru samsettar að því leyti að þær eru táknaðar með setningarlegum hjálparorðum frekar en beygingarendingum. Í dag eru flestir málfræðingar hins vegar sammála um að í íslensku séu aðeins tvær tíðir, þ.e. nútíð og þátíð, sbr. töflu 2.

Ósamsettar tíðir	
<b>Nútíð</b>	Hún gengur
<b>Þátíð</b>	Hún gekk

Tafla 2: Ósamsettar tíðir í málfræði Björns Guðfinnssonar.

Nútíð og þátíð eru undirdeildir beygingarlegu formdeildarinnar **tíðar** í íslensku. Nú er því formdeildin **tíð** aðeins talin vera **beygingarleg** formdeild en ekki **setningarleg**, sbr. töflu 1. Þess í stað er álitíð að íslenska hafi þrjú **horf** sem nefnast **byrjunarhorf**, **dvalarhorf** og **lokið horf** (Þórunn Blöndal 1993:129-130). Á formdeildina **horf** er ekki minnst í eldri málfræðibókum á borð við kennslubók Björns Guðfinnssonar. Formdeildin **horf** er frábrugðin formdeildinni **tíð** að því leyti að **horf** tjáir ekki einungis tíma innan setningar heldur gefur hún kost á því að tjá tengsl tveggja tímasetninga hvor til annarrar.

Eins og fyrr segir talar Björn Guðfinnsson um tvo undirflokka málfræðilegu formdeildarinnar **tíðar**, samsetta og ósamsetta **tíð**. Með þessum hugtökum á hann við að ósamsettar tíðir séu myndaðar **beygingarlega** en að samsettar tíðir séu þær sem tjáðar eru með hjálparsögnum og öðrum hjálparorðum, þ.e. **setningarlega**. Því nær hugtakið **beygingarformdeild** (sbr. Kristján Árnason 1980:34) ekki yfir allar tegundir málfræðilegra formdeilda og þykir því hugtakið **málfræðileg formdeild**, eða einfaldlega **formdeild**, eiga betur við til að lýsa formdeildum almennt. Eiríkur Rögnvaldsson (1990:43) leggur til að formdeildum sé skipt í tvo undirflokka, annars vegar **beygingarlegar formdeildir** og hins vegar **setningarlegar formdeildir** eftir eðli þeirra. Málfræðilega formdeildin **horf** í íslensku er ekki táknuð með beygingu heldur með setningarlegum hjálparorðum og er því svokölluð setningarleg formdeild. Sama málfræðilega formdeildin getur þó tilheyrt mismunandi undirflokki, beygingarlegum eða setningarlegum, eftir tungumálum.

Hugtakið **horf** (e. *aspect*) var fyrst notað til að lýsa ákveðnum merkingarmun verknáða aðgerðasagna í rússnesku og öðrum slavneskum málum, eða því sem kallað hefur verið **lokið horf** (e. *perfective*) og **ólokið horf** (e. *imperfective*) (Lyons 1968:314). Þessi **horf** í slavneskum málum eru hvorki tjáð með beygingu né setningarlegum

hjálparrorðum. Þess í stað eru þau tjáð með reglubundnum tilbrigðum í orðmyndun, þ.e. orðmyndunarforskeytum og -viðskeytum. Tungumál sem tjá horf með þessu óvenjulega móti hafa verið kölluð **horfamál** eða **aspektnál** (Höskuldur Þráinsson 2001:245). Þrátt fyrir að íslenska teljist ekki vera horfamál eru nokkur dæmi um slíka orðmyndun í íslensku, meðal sagna sem myndaðar eru með viðskeytinu *-na*. Þetta eru sagnir á borð við *blána, fölna, grána, hitna* og *roðna* svo dæmi séu tekin. Merking þessara orða byggist á stofni sem yfirleitt er dreginn af lýsingarorði eins og *blár, fölur, grár, heitur* og *rjóður*. Síðan bætist viðskeyti aftan við stofninn, *-na*, sem ekki tjáir sérstaka formdeild heldur upphaf þess sem lýsingarorðið tjáir. Hér er því um að ræða orðmyndunarviðskeyti, rétt eins og í horfamálum. Þessar sagnir eru stundum kallaðar **byrjunarsagnir**, bæði í íslensku og í horfamálum, þar sem þær tjá upphaf einhverrar þróunar eða breytingar (Höskuldur Þráinsson 2001:234). Þá er byrjunarmerking í raun óaðskiljanlegur hluti merkingar byrjunarsagna þar sem um er að ræða orðmyndunarviðskeyti en ekki beygingarviðskeyti.

Horf táknar dvöl í tíma eða á hvaða stigi tiltekinn atburður er miðað við tímann í setningunni. **Byrjunarhorf** táknar upphaf verknaðar eða ætlun og er táknað með hjálparorðunum *fara að + nh.*, sbr. (1a), eða *vera að fara að + nh.*, sbr. (1b). **Lokið horf** lýsir því að verknaði sé lokið. Það er táknað með hjálparorðunum *vera búinn að + nh.*, sbr. (1c), eða með hjálparsögninni *að hafa* ásamt lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn (Þórunn Blöndal 1993:130), eins og sjá má í (1d). **Dvalarhorf** er síðan táknað með hjálparorðunum *vera að + nh.* Það felur í sér að verknaður standi yfir, eins og sýnt er í (1e), eða að hann sé nýafstaðinn, sbr. (1f) (Þórunn Blöndal 1993:129).

- |     |                                  |                |
|-----|----------------------------------|----------------|
| (1) | a. Ég fer að hefja lesturinn.    | (Byrjunarhorf) |
|     | b. Ég er að fara að lesa bókina. |                |
|     | c. Ég er búin að lesa bókina.    | (Lokið horf)   |
|     | d. Ég hef lesið bókina.          |                |
|     | e. Ég er að lesa bókina.         | (Dvalarhorf)   |
|     | f. Ég var að klára bókina.       |                |

**Dvalarhorf** hefur verið nefnt ýmsum öðrum nöfnum í gegnum tíðina (sjá samantekt hjá Kristínu M. Jóhannsdóttur 2015:13 og Höskuldi Þráinssyni 2005:488). Það hefur þó helst verið kallað **framvinduhorf** í rannsóknum síðustu ára þar sem fjallað hefur verið um útvíkkun á notkunarviði þess í merkingu (1e), þ.e. að verknaður standi yfir.

Heitið **dvalarhorf** er aftur á móti mun algengara í almennri umfjöllun um horfin þrjú í íslensku. Ég mun því styðjast við heitið **framvinduhorf** hér eftir.

Málfræðilega formdeildin horf gerir mælanda kleift að lýsa tveimur tímum með tilliti hvor til annars. Þessir tveir tímar hafa stundum verið kallaðir annars vegar **tími kringumstæðna** og hins vegar **tími tilvísunar** (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:14). Lítum á setninguna í (2) sem dæmi.

(2) *Jón var að borða kvöldmat þegar ég hringdi í hann í gær.*

Framvinduhorf er tjáð með setningagerðinni *vera að* + *nh.* og merkir að aðgerð standi yfir. Í (2) er tími kringumstæðna, þegar Jón var að borða, í framvinduhorfi. Tilvísunartíminn, *þegar ég hringdi í hann*, á sér stað innan tímaramma framvinduhorfsins. Til þess að **tími tilvísunar** geti staðið innan tímaramma **tíma kringumstæðna** í framvinduhorfi þarf sá síðarnefndi að vera afmarkaður í tíma (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:14). Í þeim tilfellum þar sem tími kringumstæðna felur ekki í sér fyrirfram ákveðna afmörkun í tíma getur sögn ekki staðið í framvinduhorfi.

Sögnum er gjarnan skipt í flokka sem kallast **verknaðargerðir** (þ. *Aktionsart*) eftir merkingarlegum eiginleikum þeirra, eins og til dæmis því hvort merking sagnar hafi fyrirfram ákveðinn upphafs- eða endapunkt eða þróun í tíma. Því er oft talað um að ákveðnar verknaðargerðir gangi upp í framvinduhorfi en aðrar ekki. Með **útvíkkun framvinduhorfs** í íslensku nútímamáli er átt við að notkunarvið framvinduhorfs fari víkkandi og taki nú til fjölbreyttari verknaðargerða en áður var. Áður en lengra er haldið skulum við athuga nánar hvaða verknaðargerðir geta staðið í framvinduhorfi og hverjar ekki.

## 2.2 Útvíkkað framvinduhorf og verknaðargerðir sagna

Hugtökin horf og verknaðargerð eru náskyld og getur reynst erfitt að fjalla um annað þeirra án þess að minnst á hitt. Til þess að sögn geti staðið í **framvinduhorfi** þarf merking hennar að uppfylla ákveðin skilyrði eins og fjallað var um í kafla 2.1. Hér væri þó réttast að tala um sagnliði frekar en sagnir þar sem andlag sagnar getur haft áhrif á merkingu verknaðarins sem sögnin lýsir (Höskuldur Þráinsson 2005:486). Sumar sagnir (eða sagnliðir) fela til dæmis ekki í sér fyrirfram ákveðinn upphafs- eða endapunkt eða neins konar þróun í tíma og geta því ekki staðið í framvinduhorfi, sbr. (3). Þessi eiginleiki

sem framvinduorf krefst hefur verið kallaður **tímabinding** (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:37), eins og sagt var frá í upphafi kafla 2.

(3) \*Jón var að sitja við kvöldverðarborðið þegar ég hringdi í hann í gær.

Oft hefur verið reynt að skipta sögnum í flokka eftir verknaðargerð þeirra. Ein algengasta leiðin er að skipta verknaðargerðum sagna í fernt eftir flokkun Vendlers (1957). Þessir flokkar kallast **ástand** (e. *state*), **athöfn** (e. *activity*), **atburður** (e. *achievement*) og **aðgerð** (e. *accomplishment*) (Höskuldur Þráinsson 2005:487). Þó er vert að nefna að stundum er síðustu þremur flokkunum stillt upp sem þremur undirdeildum eins flokks. Sú flokkun hefur verið kennd við Kenny (1963) (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:20). Sögnin *að sitja* í (3) tilheyrir flokki **ástandssagna**. Framvinduorf lýsir framvindu verknaðar sem hefur tímabindingu. Þar sem ástandssagnir lýsa viðvarandi ástandi fela þær ekki í sér tímabindingu og ganga þess vegna ekki upp í framvinduorfi, eins og sjá má í (3). Annað einkenni ástandssagna, sem stendur í vegi fyrir því að þær geti staðið í framvinduorfi, er það að frumlag þeirra er ekki gerandi heldur reynandi eða skynjandi (e. *experiencer*). Þetta gerir það að verkum að ástandssagnir geta ekki staðið með háttaratviksorðum eða háttarliðum (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:21), sbr. (4).

(4) a. \*Jón sat *vandlega* við kvöldverðarborðið þegar ég hringdi.

b. \*Jón sat við kvöldverðarborðið *af ákafa* þegar ég hringdi.

Háttarliðirnir, *vandlega* í (4a) og *af ákafa* í (4b), lýsa því hvernig frumlagið hagar sér. Frumlagið, *Jón*, er reynandi og er þar með óvirkt. Háttarliðir geta ekki fylgt á eftir þar sem merking þeirra krefst þess að frumlagið sé virkt eða hafi **stjórn** á verknaðinum. Þessi virkni frumlagsins getur verið mismikil eftir verknaðargerðum. Sagnir sem vanalega lýsa **athöfn** virðast ekki alltaf geta staðið í framvinduorfi. Samkvæmt Höskuldi Þráinssyni (2005:494) er ástæðan sú að frumlag þeirra er misvirkt. Þar er m.ö.o. átt við að frumlagið hafi ekki eiginleikann **stjórn** (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:37). Lítum nú á dæmin í (5) þar sem **athafnasagnir** eru notaðar með framvinduorfi.

(5) a. ?Jón var að ganga.

b. Jón var að ganga á hlaupabrettinu þegar dyrabjöllunni var hringt.

Ljóst er að athafnasögnin *að ganga* getur betur staðið í framvinduhorfi í (5b) heldur en (5a). Þó er eini munurinn á þessum setningum að verknaðurinn í (5b) er betur skilgreindur og afmarkaður með tilliti til tíma og markmiðs en verknaðurinn í (5a). Því virðist **tímabinding** hafa eitthvað með það að gera að setning (5b) gengur betur í framvinduhorfi en sú í (5a). Verknaðinum í (5a) eru ekki gefin tímamörk, þar sem hvorki eru upplýsingar um upphafs- eða endapunkt né neins konar þróun í tíma.

Nú höfum við skoðað tvær verknaðargerðir af fjórum og hvernig þær hafa sé með framvinduhorfi. **Ástandssagnir** hafa yfirleitt ekki getað staðið með framvinduhorfi í íslensku enda uppfylla þær hvorugt þeirra tveggja skilyrða sem hafa verið sett til þess að sagnir geti staðið í framvinduhorfi, **stjórn** frumlags og **tímabindingu** sagnliðar. **Athafnasagnir** geta stundum, en þó ekki alltaf, staðið með framvinduhorfi. Það virðist ráðast af því hvort verknaðurinn hafi fyrirfram ákveðna tímabindingu eða hugsanlega hvort frumlagið hafi einhverskonar markmið með því að framkvæma verknaðinn.

**Atburðarsagnir** ganga misvel með framvindumerkingu, svipað og athafnasagnir. Frumlag atburðarsagna er vanalega óvirkt og hefur því ekki **stjórn** á verknaðinum, sbr. (6a). Rétt er að hafa í huga að orðasambandið *vera að* + nh. getur haft fleiri en eina merkingu. Fyrsta merkingin sem orðasambandið getur haft er sú sem rætt hefur verið um hingað til, svokölluð **framvindumerking**. Hún gefur til kynna að verknaður sé annars vegar afmarkaður í tíma og hafi því eiginleikann **tímabindingu** og hins vegar að frumlagið sé gerandi og hafi eiginleikann **stjórn**. Sagnliðurinn í (6a) er ekki ótækur með hjálparsagnasambandinu *vera að* + nh. en setningin hefur ekki framvindumerkingu, heldur er þá um að ræða aðra merkingu orðasambandsins *vera að* + nh., svokallaða **áskellimerkingu** (Höskuldur Þráinsson 2005:490). Áskellimerking lýsir einhverju sem er alveg að breyta á, sbr. (6a). Þessi merking hefur einnig verið kölluð **nálægðarmerking** (Jón G. Friðjónsson 1989:108). Atburðarsagnir geta þó haft frumlag með eiginleikann **stjórn**, sbr. (6b).

- (6) a. Vasinn *er* (alveg) *að detta*.  
b. Jón *var að ná* toppnum (rétt í þessu).

Atburðarsagnir eins og í (6b) hafa ekki **tímabindingu**, nema að því leytnu til að þær hafa afmarkaðan endapunkt. Þetta hefur verið orðað svo að sögnin sé **markbundin** (e. *telic*). Þær eru þó líkar ástandssögnum að því leyti að þær taka engan tíma. Þátturinn tímabinding er því í rauninni tvíþættur, annars vegar merkir hann að verknaður taki tíma og hins vegar



að hann hafi endapunkt. Þessar sagnir hafa verið kallaðar **augabragðssagnir** (e. *punctual*), þar sem þær lýsa einhverju sem gerist á einu augnabliki, en eru ekki **dvalarsagnir** (e. *durative*) eins og þær sagnir sem geta haft framvindumerkingu og lýsa dvöl í tíma (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:27).

Eins og fyrr segir lýsir framvindumerking tveimur tímum, **tilvísunartíma** og **tíma kringumstæðna**, og afstöðu þeirra hvor til annars þar sem tilvísunartíminn á sér stað innan tímaramma tíma kringumstæðna. Þar sem tími kringumstæðna er ekki tekinn fram í setningum eins og í (6) verður tími kringumstæðna sá sami og segðartíminn (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:16-17). Þess vegna fá setningarnar í (6) annað hvort þá merkingu að atburðurinn sé nýafstaðinn, þegar sögnin er í þátíð sbr. (6b), eða þá merkingu að hann sé við það að gerast, sem kallað hefur verið áskellimerking, þegar sögnin er í nútíð, sbr (6a).

Fjórði og síðasti flokkur verknaðargerða, **aðgerðarsagnir**, eru þær sagnir sem uppfylla bæði skilyrði framvinduorfs . Þær hafa frumlag sem er hefðbundinn gerandi og hafa því eiginleikann **stjórn**. Þær taka einnig tíma og eru markbundnar (e. *telic*) svo þær uppfylla einnig skilyrði eiginleikans **tímabindingar**. Aðgerðarsagnir eru því þær tegundir sagna sem kalla fram hefðbundið framvinduorf, sbr. (7a). Þær geta þó líka fengið þá merkingu að verknaður sé nýafstaðinn, eins og atburðasagnir, en aðeins ef **tími kringumstæðna** er ekki gefinn upp, sbr. (7b) (Höskuldur Þráinsson 2005:492).

- (7) a. Jón er að borða brauðsneið.  
b. Jón er ekki svangur. Hann var að borða.

Nú höfum við séð að **ástandssagnir** uppfylla hvorugt umræddra skilyrða um **stjórn** og **tímabindingu** og ganga því illa í framvinduorfi, sbr. (3) og (4). **Athafnasagnir** geta aðeins staðið í framvinduorfi þegar gerandi þeirra er virkur eða þegar verknaðurinn hefur einhvern tímaramma, sbr. (5). **Atburðarsagnir** ganga vel með orðasambandinu *vera að* + nh. en hafa oftast áskellimerkingu eða þá merkingu að verknaður sé nýafstaðinn frekar en framvindumerkingu, eins og dæmin í (6) sýna. **Aðgerðarsagnir** er svo sá flokkur sagna sem uppfyllir bæði skilyrði framvinduorfs, þ.e. stjórn frumlags og tímabindingu sagnliðar, og geta því yfirleitt staðið með hjálparsagnarsambandinu *vera að* + nh. og fengið framvindumerkingu, sbr. (7a), nema þar sem tími kringumstæðna er ekki gefinn upp, sbr. (7b), en þá fær setningin þá merkingu að verknaðurinn sé nýafstaðinn með þátíð eða við það að bresta á með nútíð. Eiginleikana

**tímabindingu** og **stjórn** mætti setja upp í töflu sem tvo tvígilda þætti eftir verknadargerðum, sbr. töflu 3.

	Ástand	Athöfn	Atburður	Aðgerð
Stjórn	-	+	-/+	+
Tímabinding	-	-	+/-	+

Tafla 3: Þáttatafla yfir eiginleikana stjórn og tímabindingu eftir verknadargerð.

Tafla 3 sýnir að **aðgerðarsagnir** uppfylla yfirleitt bæði skilyrði framvinduhorfs en **ástandssagnir** hvorugt. **Athafnasagnir** hafa oftast stjórn en ekki tímabindingu þar sem þær hafa ekki fyrirfram ákveðinn endapunkt. Þó hafa sumir fært rök fyrir því, eins og Höskuldur Þráinsson (2005:494) gerir, að athafnasagnir vanti yfirleitt stjórn í setningum eins og (5a), frekar en tímabindingu. **Atburðarsagnir** hafa yfirleitt ekki stjórn, sbr. (6a). Þær geta þó haft stjórn, sbr. (6b), en skortir þá eiginleikann að taka tíma, þar sem þær gerast á augabragði.

Hingað til hefur verið fjallað um tvær merkingar sem setningagerðin *vera að* +nh. getur haft. Í fyrsta lagi hefur verið fjallað um **framvindumerkingu** og í öðru lagi **áskellimerkingu** sem hefur stundum verið kölluð nálægðarmerking. *Þriðja* merking sem hjálparsambandið *vera að* + nh. getur haft er svokölluð **tilfinninga- og áherslumerking** (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:17). Tilfinninga- og áherslumerking sker sig frá hinum tveimur merkingum orðasambandsins að því leyttinu til að hún krefst þess ekki að sögn uppfylli fyrrnefndar kröfur um tímabindingu og stjórn eða tilheyri einhverri tiltekinni verknadargerð sem fylgja hjálparsagnarsambandinu *vera að* + nh. annars. Þetta þýðir að sumar setningar eru aðeins tækar í ákveðnu samhengi eða þegar þær eru sagðar með viðeigandi áherslu, sbr. (8).

- (8) a. \*Ég er ennþá að búa í Kópavogi.  
 b. Ef ástandið skánar ekki fljótlega þá er ég ekkert að búa í Kópavogi áfram.

Í (8) sjáum við að **ástandssögnin** *að búa* getur ekki staðið með *vera að* + nh., sbr. (8a), nema í sérstakri tilfinninga- og áherslumerkingu, sbr. (8b). Þessari merkingu fylgir oftast en ekki einhvers konar neitun eða önnur atviksorð, sbr. *ekkert* í (8b) (Höskuldur Þráinsson 2005:495).

Í þessum kafla hefur hefðbundinni notkun framvinduhorfs í íslensku verið lýst. Notkun framvinduhorfs hefur hins vegar tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum

að því leyttinu til að notkunarvið þess hefur víkkað. Nokkuð hefur verið fjallað um þessa nýjung í málinu sem kölluð hefur verið útvíkkað framvinduorf eða útvíkkað dvalarorf. Útvíkkun framvinduorfs felur í sér að sagnir sem tilheyra öðrum verknaðargerðum en **aðgerðarsögnum**, sem geta staðið í framvinduorfi í staðalíslensku, geta nú í auknum mæli staðið í framvinduorfi í máli sumra málhafa. Breytingin tekur sérstaklega til **ástandssagna**, sem er sú verknaðargerð sem gat áður síst staðið í framvinduorfi, sjá töflu 3. Þær ástandssagnir sem geta staðið í framvinduorfi tjá gjarnan merkingu sem felur í sér skoðun, eins og sjá má í (9).

- (9) a. *Ég er ekki að skilja* hvernig fólk getur haft gaman af Útsvari (en kannski mun ég skilja það betur ef ég prófa að horfa á heilan þátt).
- b. Jón *var* ekki *að fatta* hvernig hann átti að fara að því að setja saman nýja bókaskápinn (en síðan las hann leiðbeiningarnar).

Eins og dæmin í (9) sýna eru ástandssagnir í framvinduorfi oft notaðar til að tjá yfirstandandi tímabundna skoðun. Mælandinn gefur fyrirvara um að þessi skoðun gæti breyst sem þýðir að hún er í raun afmörkuð í tíma. Um leið og ástandssögn hefur verið gefinn endapunktur, eða að minnsta kosti möguleiki á endapunkti, hefur hún uppfyllt skilyrði framvinduorfsins um **tímabindingu** og myndar þar með tæka setningu. Svo virðist sem þessar ástandssagnir hafi ekki nákvæmlega sömu merkingu og áður eftir að þær hafa verið færðar í framvinduorf. Þessi málbreyting felur því í sér nýja merkingu eða í það minnsta merkingarblæbrigði eins og dæmin í (10) sýna með beinum samanburði.

- (10) a. *Ég skil* þetta ekki.
- b. *Ég er* ekki *að skilja* þetta.

Nokkur merkingarmunur er á setningunum í (10). Í (10a) er gefið í skyn að skilningsleysið sé viðvarandi ástand sem ekki hefur **tímabindingu**, þ.e. tekur ekki afmarkaðan tíma. Í (10b) er skilningsleysið aftur á móti tjáð sem tímabundið ástand eða í það minnsta er möguleiki á því að ástandið muni einhvern tímann breytast. Þá er merkingin í rauninni: *ég skil þetta ekki núna*. Þá er verknaðinum í raun ekki gefin skýr tímamörk. Þess í stað er gefinn möguleiki á einhverri tímabindingu eða svokölluðu **vísbendi** (e. *implicature*). Þannig virðist sögnin *að skilja* hafa skipt um verknaðargerð tímabundið þar sem hún uppfyllir ekki lengur öll skilyrði ástandssagna, sem hvorki hafa tímabindingu né stjórn, sbr. töflu 3, og getur þar að auki staðið í framvinduorfi, í dæmum

eins og (10b), sem ástandssögnum er oftast ómögulegt. Vísbendið er þó hægt að afturkalla, til dæmis með því að fylgja fullyrðingunni í (10b) eftir með því að bæta við „og ég mun aldrei koma til með að skilja þetta“. Þessi möguleiki á því að afturkalla tímabindinguna sýnir að sögnin hefur ekki skipt alfarið um verknaðargerð heldur aðeins tímabundið (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:48).

Önnur ástæða þess að sagnir virðast geta skipt um verknaðargerð eins og í (9) og (10b) gæti verið sú að hver sögn tilheyri ekki einni ákveðinni verknaðargerð. Merking sagna stýrir verknaðargerð þeirra en umhverfi sagnanna, þ.e. sagnliðurinn í heild sem og víðara samhengi, geta breytt merkingu þeirra og þar með verknaðargerðinni (Höskuldur Þráinsson 2005:486). Þess vegna getum við aðeins flokkað sagnir eftir því hvaða verknaðargerð þær eru líklegastar til að tilheyra af merkingu þeirra að dæma.

### 3 Rannsóknir á útvíkkun framvinduhorfs

Í þessum kafla verður fjallað um nokkrar athuganir og rannsóknir á útvíkkun framvinduhorfs í íslensku. Í kafla 3.1 verða tekin saman fyrri skrif um framvinduhorf og þróun þess í íslensku. Í kafla 3.2 verða tilgátur um hugsanleg áhrif frá ensku í þróun þess settar fram og ræddar. Loks verður farið yfir nýlegar rannsóknarniðurstöður um útvíkkað framvinduhorf í íslensku. Í kafla 3.3 verður fjallað um rannsóknarverkefni Höskulds Þráinssonar, *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*, og í kafla 3.4 um verkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar, *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*.

#### 3.1 Fyrri umfjallanir

Framvinduhorf hefur lengi verið til í íslensku og verið notað til þess að tjá framvindumerkingu. Framvinduhorf var í fornu máli tjáð með setningagerðinni *vera að að + nh.* (eða *vera at at + nh.*) eins og Höskuldur Þráinsson (2005:489) og Höskuldur Þráinsson og Theódóra Torfadóttir (2015:121) hafa bent á. Dæmi um þetta er að finna í Brennu-Njáls sögu, sbr. (11).

(11) Hann var at at hlaða skútuna. (Brennu-Njáls saga, bls. 34)

Í (11) er fyrri *að* forsetning sem tekur síðan með sér nafnhátt. Nafnhættinum fylgir þá hið seinna *að* sem er nafnháttarmerki. Er þetta upprunaleg gerð orðasambandsins sem síðar verður að *vera að + nh.* eins og þekktist í íslensku nútímamáli. Rétt er að nefna að *vera at + nh.* (þ.e. með einu *at*) er einnig að finna í gömlum handritum en setningagerðin sem inniheldur *at* tvisvar virðist upprunalegri (sjá nánar í ítarlegri umfjöllun Hreins Benediktssonar frá 2002).

Orðasambandinu *vera að + nh.* var fyrst lýst af Stefáni Einarssyni í bók hans *Icelandic* sem kom út árið 1945. Þessa umfjöllun nefnir hann á ensku „durative action, indicated by *vera að*“. Þar er talað um þrenns konar merkingu orðasambandsins sem hægt væri að þýða á íslensku sem dvalarmerkingu, áskellimerkingu og tilfinninga- og áherslumerkingu (sbr. umfjöllun í kafla 2.2). Stefán minnst lauslega á það sem Kristín M. Jóhannsdóttir (2015:15) átti eftir að benda á síðar, þ.e. að íslenska er lík ensku að því leyttinu til að þessi tvö tungumál, ólíkt öðrum germönskum málum, merkja framvinduhorf setningarlega, þ.e. með setningarlegum hjálparorðum en ekki með beygingu. Þetta stafar af því, sem lýst er í kafla 2.1, að málfræðilega formdeildin horf er setningarleg formdeild

í íslensku og ensku en í öðrum germönskum málum er hún beygingarleg formdeild. Í ensku er framvinduhorf tjáð með hjálparsögninni *be + -ing* (lh.nt.) þar sem viðskeytið bætist aftan við aðalsögn. Stefán Einarsson (1945:143-145) minnst einnig á að ekki allar sagnir geti staðið í nafnhætti á eftir *vera að* í íslensku. Þar telur hann upp núþálegar sagnir og ýmsar ástandssagnir, bæði stellingasagnir og þær sem notaðar eru til að tjá skoðun. Þá tekur hann fram að margar þessara ástandssagna geti staðið í framvinduhorfi í ensku.

Stefán Einarsson bendir á það strax árið 1945 að notkunarvið framvinduhorfs fari vikkandi í íslensku, án þess þó að fara mikið nánar út í þá breytingu. Því er ljóst að þetta tilbrigði á sér nokkuð langa sögu í máli Íslendinga. Ekki var þó fjallað ítarlega um útvíkkun framvinduhorfs sem tilbrigði í íslensku nútímamáli fyrir en snemma á þessari öld. BA-ritgerð Þóreyjar Selmu Sverrisdóttur (2001:33) fjallar um aukna notkun framvinduhorfs í umfjöllun um íþróttir á árunum 1991 til 2000. Útvíkkað framvinduhorf, sem stundum hefur verið kallað handboltahorf, hefur oft verið tengt við íþróttamál þar sem yfirstandandi íþróttaleikjum er nú iðulega lýst með *vera að + nh*. Niðurstöður könnunar Þóreyjar Selmu Sverrisdóttur (2001:23) sýna mikla aukningu á setningagerðinni *vera að + nh*. með sögnum sem notaðar eru í íþróttamáli á síðasta áratug 20. aldar. Þetta eru sagnir á borð við *að leika, skora, spila, verja og skjóta*.

Gunnar Gunnarsson (2010) fjallar einnig um útvíkkað framvinduhorf í BA-ritgerð sinni. Þar kannar hann ástandssagnir í framvinduhorfi og hugsanleg áhrif frá ensku setningagerðinni *be + -ing* á útvíkkað framvinduhorf í íslensku. Þessi samsvörun íslensku setningagerðarinnar *vera að + nh*. hefur verið sögð hömlulaus í ensku (t.d. hjá Jóni G. Friðjónssyni 2007:30). Þá er átt við að hömlur eins og þær sem tengjast verknaðargerðum sagna í íslensku séu ekki til staðar í ensku. Eitt af markmiðum athugunar Gunnars Gunnarssonar var einmitt að sannreyna það hvort einhverjar hömlur væru á notkun setningagerðarinnar *be + -ing* í ensku með ástandssögnum. Niðurstöður athugunar hans sýna meðal annars fram á að framvinduhorf, myndað með setningagerðunum *be + -ing* eða *vera að + nh*., er hvorki notað hömlulaust í ensku né íslensku. Jón G. Friðjónsson (2007) minnst í pistli sínum á algengt dæmi um ástandssögn í framvinduhorfi í íslensku, sbr. (12a). Þessi tiltekna setning er oft nefnd sem dæmi um útvíkkun framvinduhorfs. Hún er jafnframt gott dæmi um að framvinduhorf er einmitt ekki notað hömlulaust með ástandssögnum í ensku þar sem ensk hliðstæða hennar, sbr. (12b) er óalgeng, jafnt í töluðu sem rituðu máli, og jafnvel ótæk með öllu. Nánar verður fjallað um tilgátur um ensk áhrif á útbreiðslu útvíkkaðs framvinduhorfs í íslensku í kafla 3.2.

- (12) a. Ég er ekki að skilja þetta.  
b. ?I am not understanding this.

Á undanförunum áratugum hafa tvær viðamiklar rannsóknir á tilbrigðum í nútímaíslensku hlotið öndvegisstyrk Rannsóknarsjóðs til þriggja ára. Annars vegar er það rannsóknin *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* sem Höskuldur Þráinsson fór fyrir ásamt öðrum. Rannsóknin stóð yfir á árunum 2005-2007. Hins vegar er það rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttir og Eiríks Rögnvaldssonar, *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem hafist var handa við 2016 og lýkur á þessu ári. Útvíkkað framvinduorf hefur verið athugað í báðum þessum rannsóknum. Niðurstöður rannsóknanna tveggja á útbreiðslu tilbrigðisins verða bornar saman í kafla 4. Í köflum 3.3 og 3.4 verður fjallað nánar um hvora rannsókn fyrir sig en fyrst verður farið yfir tilgátur um áhrif ensku á tilkomu og útbreiðslu útvíkkaðs dvalarhorfs.

### 3.2 Tilgátur um ensk áhrif

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um hugsanleg áhrif frá ensku í sambandi við útvíkkað framvinduorf í íslensku. Kristín M. Jóhannsdóttir (2015) sýnir ýmis dæmi um slík ummæli í upphafi greinar sinnar í *Íslensku máli*. Til dæmis vitnar hún í orð Vigdísar Finnbogadóttur sem birtust í Morgunblaðinu í ágúst 2007.

- (13) „Hins vegar er setningaskipan að breytast og ég hef töluverðar áhyggjur af því. Þegar fólk segir til dæmis „ég er ekki að skilja þetta“ þá er auðvitað ljóst að það notar eingöngu íslensk orð, en setningin er eins og þýdd úr ensku. Íslenska útgáfan er „ég skil þetta ekki“. Í ípróttamáli er þetta nokkuð áberandi, þar er til dæmis sagt að lið hafi *verið að spila vel*, þegar réttara væri að segja að liðið hafi *spilað vel*. Við þurfum ekkert að bæta við sögninni *að vera* í tíma og ótíma.“ (Haft eftir Vigdísi Finnbogadóttur í viðtali í *Morgunblaðinu* 14. ágúst 2007, bls.11.)

Eins og fram kom í kafla 3.1 er íslenska annað tveggja germanskra tungumála sem táknar framvinduorf með setningarlegum hjálparorðum en ekki með beygingu (Kristín M. Jóhannsdóttir 2015:15). Hitt germanska málið, þar sem framvinduorf er tjáð setningarlega, er enska. Önnur germönsk mál tjá orf beygingarlega. Bæði íslenska og enska eru að ganga í gegnum sömu breytingu þar sem notkunarvið framvinduorfs í málunum fer víkkandi. Ekki eru það þó samskonar sagnir sem geta staðið með framvinduorfi í íslensku og ensku.

Útvíkkun á notkunarviði framvinduorfs tekur sérstaklega til ástandssagna, bæði í ensku og íslensku, enda er það eina verknáðargerðin sem uppfyllir hvorugt skilyrða framvinduorfs, þ.e. tímabindingu og stjórn. Ástandssögnum má þó skipta í nokkra undirflokka. Fyrst mætti nefna **stellingasagnir**, sagnir sem tjá líkamsstöðu eða stöðu hlutar. Stellingasagnir eru sagnir eins og *að standa* og *að sitja*. Jafnvel mætti flokka sögnina *að búa* sem stellingasögn, þó svo að hún tjái ekki eiginlega stellingu, þar sem merking hennar felur ekki í sér hreyfingu heldur kyrrstöðu. Í öðru lagi mætti nefna **skoðanasagnir**, sagnir sem tjá skoðun á einhverju eða tilfinningar gagnvart einhverju. Sem dæmi mætti nefna sagnir eins og *að skilja*, *að elska* og *að átta sig*. Sögnin *að átta sig* er oft talin vera svokölluð breytingasögn þar sem hún felur í sér breytingu á ástandi eða einhvern vendipunkt (Höskuldur Þráinsson og Theódóra Torfadóttir 2015:124). Slíkar sagnir eiga margt skylt með atburðasögnum sem taka ekki tíma en fela í sér breytingu. Atburðarsagnir geta haft frumlag sem hefur eiginleikann stjórn en það á þó ekki við um breytingarsagnir. Því virðast breytingasagnir eiga margt sameiginlegt með bæði ástandssögnum og atburðarsögnum. Að lokum mætti nefna **veðursagnir** eins og *að rigna* og *að snjóa*.

Í íslensku eru það aðallega skoðanasagnir sem geta staðið með útvíkkuðu framvinduorfi, sbr. (12), þar sem samskonar setning er ekki tæk í ensku. Þó eru margar skoðanasagnir í ensku sem geta staðið með framvinduorfi. Eitt frægasta dæmi þess er líklega slagorð skyndibitakeðjunnar McDonalds „I’m loving it“, þar sem sögnin *love* er skoðanasögn. Í ensku geta stellingasagnir og veðursagnir staðið með framvinduorfi án nokkurra vandkvæða (Kristín M. Jóhannsdóttir 2018:329). Þetta er miklu síður hægt í íslensku, sbr. (14).

- (14) a. Where is John? He *is standing* outside.  
b. ??Hvar er Jón? Hann *er að standa* úti.  
c. Put on a coat, *it’s raining*.  
d. ??Farðu í jakka, *það er að rigna*.

Þetta er þó að breytast í íslensku þar sem stellingasagnir og veðursagnir geta í auknum mæli staðið í framvinduorfi (Höskuldur Þráinsson og Theódóra Torfadóttir 2015), sem gæti hugsanlega stafað af áhrifum frá ensku. Munurinn á íslensku og ensku, sem kemur fram í setningunum í (12), bendir þó til þess að útvíkkun framvinduorfs í íslensku sé ekki að öllu leyti tilkomin vegna áhrifa frá ensku, þar sem ein algengasta íslenska sögnin



með útvíkkuðu framvinduhorfi, sögnin *að skilja*, getur síður staðið með framvinduhorfi í ensku.

Í rannsókn Kristínar M. Jóhannsdóttur (2018) á útvíkkuðu framvinduhorfi í vesturíslensku kemur fram að framvinduhorf er miklu algengara í vesturíslensku heldur en heimaíslensku. Þeir Vestur-Íslendingar sem tóku þátt í rannsókninni áttu það flestir sameiginlegt að hafa talað íslensku fyrstu sex ár ævi sinnar en gátu eftir það aðeins talað íslensku heima við fjölskyldu sína og ættingja en síður ef nokkuð úti í samfélaginu. Íslenska er svokallað erfðamál (e. *heritage language*) meðal Vestur-Íslendinga og eru þeir þá kallaðir erfðamálhafar. Algengt er að erfðamálhafar nái ekki fullkomnum tókum á málfræði erfðamálsins og einfaldi málfræði þess að einhverju leyti. Þessi einföldun getur falist í breyttri orðaröð, fækkun á föllum eða takmörkun á notkun ákveðinna formdeilda (Kristín M. Jóhannsdóttir 2018:323). Vestur-Íslendingar hafa líklega margir hverjir ekki fengið nægilega mikið íslenskt ílag á máltökuskeiði í Vesturheimi til þess að geta náð tókum á öllum sagnbeygingum. Útvíkkað framvinduhorf gerir erfðamálhöfum kleift að nota nafnháttarmynd af hvaða sögn sem er frekar en aðrar og ef til vill flóknari beygingarmyndir. Þá þarf hann aðeins að kunna allar beygingarmyndir af sögninni *að vera* sem er ein algengasta sögnin í íslensku og nafnháttarmynd annarra sagna. Hafa þarf í huga að meðalaldur þátttakenda í rannsókn Kristínar M. Jóhannsdóttur (2018) var yfir 65 ár, bæði meðal þátttakenda sem búsettir eru í Vesturheimi og á Íslandi. Ólíkar niðurstöður gætu komið fram hjá yngri málhöfum heimaíslensku, eins og þeim 13-15 ára málhöfum sem tóku þátt í rannsóknunum *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* og *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*.

### **3.3 Tilbrigði í íslenskri setningagerð**

Árið 2005 hlaut rannsóknarverkefnið *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* öndvegisstyrk frá Rannsóknarsjóði til þriggja ára. Rannsóknin fór fram á árunum 2005-2007 en þrjú rit um niðurstöður rannsóknarinnar komu út á árunum 2013, 2015 og 2017 (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson 2013, 2015 og 2017). Markmið rannsóknarinnar var að skoða tilbrigði í íslenskri setningagerð, eins og nafn hennar gefur til kynna. Í því fólst að kortleggja tilbrigði í íslenskri setningagerð og lýsa þeim, nýta niðurstöðurnar til að varpa ljósi á stöðu og þróun íslenskunnar og til að rannsaka hvernig ólík tilbrigði tiltekins setningarlegs atriðis geta þrífist á tilteknum tíma,

auk þess að draga loks almennan lærdóm um eðli mannlegs máls af niðurstöðunum (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2013:11).

Þrjár skriflegar yfirlitskannanir voru lagðar fyrir þátttakendur og fóru þær fram á 30 mismunandi stöðum um land allt. Miðað var við að fá átta þátttakendur úr hverjum aldurshópi á hverjum stað á landinu. Aldurshóparnir voru fjórir: 14-15 ára (9. bekkur), 20-25 ára, 40-45 ára og 65-70 ára. Alls tóku 772 einstaklingar þátt í fyrstu könnuninni, 755 í annarri og 713 í þeirri þriðju (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2013:19-26). Í hverri könnun var þremur mismunandi aðferðum beitt við gagnasöfnun. Í fyrsta lagi voru þátttakendur beðnir um að leggja mat á setningar út frá eigin máltilfinningu, í svokölluðu dómaprófi, og samþykki á tilbrigðum í máli þannig rannsökuð. Í öðru lagi voru eyðufyllingar. Sú aðferð var talin geta dregið úr hugsanlegum hliðarverkunum fyrstu aðferðarinnar þar sem tiltekin tilbrigði hafa verið áberandi í málfræðisræðu og eru í kjölfarið e.t.v. síður líkleg til að vera samþykkt í dómaprófum. Í þriðja lagi voru tekin viðtöl við þátttakendur þar sem reynt var að ná fram sjálfsprottnu tali. Sú aðferð hentar vel í rannsóknum sem þessum þar sem kalla á fram eðlilegt mál en þátttakandi má helst ekki vera meðvitaður um það sem verið er að prófa.

Eitt fjölmargra tilbrigða í íslenskri setningagerð sem voru rannsökuð með dómaprófum í Tilbrigðaverkefninu var útvíkkað framvindahorf. Setningar úr íþróttamáli voru sérstaklega teknar fyrir og setningar sem innihalda sagnir af mismunandi verknáðargerðum. Þar að auki voru mismunandi undirflokkar ástandssagna sérstaklega rannsakaðir og bornir saman, svo sem stellingasagnir, skoðanasagnir, breytingasagnir og veðursagnir (sbr. umræðu í kafla 3.2). Niðurstöður dómaprófsins sýndu meðal annars að setningar úr íþróttamáli fengu yfirleitt betri dóma en aðrar setningar. Þetta bendir til þess að útvíkkað framvindahorf hafi e.t.v. fyrst rutt sér til rúms með sögnum sem tengjast íþróttamáli.

### **3.4 Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis**

Eins og kom fram í inngangi er þessi ritgerð byggð á niðurstöðum öndvegisverkefnis Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar sem ber heitið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (e. *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*). Verkefnið hlaut öndvegisstyrk Rannsóknarsjóðs Íslands til þriggja ára frá árinu 2016 til 2019. Titill rannsóknarinnar verður hér eftir stytur í Stafrænt málsambýli eða skammstöfunina SMS til hægðarauka.

Markmið rannsóknarinnar, sem enn stendur yfir, er að kanna stöðu íslensku á tímum mikilla samfélagsbreytinga og tæknibyltinga sem hafa átt sér stað á undanförunum árum. Rannsóknin einblínir á hugsanleg áhrif ensku á íslensku, einkum og sér í lagi í gegnum stafræna miðla, og breytt viðhorf til íslenskunnar (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:1). Meiri breytingar hafa átt sér stað á málumhverfi Íslendinga undanfarinn áratug en nokkru sinni áður í sögu tungumálsins (Eiríkur Rögnvaldsson 2016). Ástæður þess má að hluta til rekja til samfélagslegra breytinga, til dæmis vegna mikillar aukningar á komu erlendra ferðamanna til landsins og fjölgunar innflytjenda og erlendra verkamanna hér á landi. Breytingar á umhverfi íslenskunnar eru þó ekki tilkomnar vegna tæknibyltinga síðustu ára, þar sem aðgengi að erlendu sjónvarpsefni og ýmiss konar afþreyingarefni á ensku hefur stóraukist með tilkomu snjalltækjabyltingarinnar svo dæmi sé tekið.

Þeirri aðferðarfræði sem beitt er í verkefninu er skipt í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er ílag (e. *input*) hvers málhafa kortlagt og hlutfall tungumála í ílagi þátttakenda skoðað, annars vegar í virku ílagi (tali og skrifum) og hins vegar í óvirku ílagi (lestri og hlustun). Í öðru lagi eru viðhorf málhafa til íslensku og ensku athuguð. Í þriðja lagi er orðaforði þátttakenda metinn og í fjórða og síðasta lagi eru þátttakendur beðnir um að leggja mat á setningar þar sem ýmis tilbrigði í máli eru könnuð (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:1). Þannig er bæði málkunnátta og málnotkun þátttakenda rannsökuð.

Öflun gagna fór fram með fernu móti. Í fyrsta lagi var netkönnun send á 5000 manna lagskipt handahófskennt úrtak úr Þjóðaskrá, þar af voru 1500 börn á aldrinum 3-12 ára og 3500 fullorðnir einstaklingar, 13 ára og eldri. Börnunum var skipt í fjóra aldurshópa: 3-5 ára, 6-7 ára, 8-9 ára og 10-12 ára og voru prófatriði rannsóknarinnar aðlöguð að hverjum aldurshópi fyrir sig. Fullorðnum þátttakendum var skipt í sjö aldurshópa: 13-15 ára, 16-20 ára, 21-30 ára, 31-40 ára, 41-50 ára, 51-60 ára og eldri en 60 ára. Alls var þátttökuhlutfall 41% meðal fullorðinna og 50% meðal barna (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:5). Í öðru lagi var 230 manna sérvalið úrtak úr hópi þátttakenda netkönnunarinnar boðað í ítarlegt viðtal. Í þriðja lagi að viðtölunum loknum, verður netkönnunin gerð aðgengileg öllum Íslendingum og dreift í gegnum samfélagsmiðla. Í fjórða og síðasta lagi voru viðtöl tekin við kennara í grunnskólum landsins og rýnihópa.

Í þessari ritgerð verður að mestu leyti stuðst við niðurstöður úr netkönnun verkefnisins. Einn aldurshópur í verkefninu verður skoðaður, ungmenni á aldrinum 13-

15 ára. Stuðst verður við tvö atriði sem könnuð voru. Annars vegar verður mat þátttakenda á setningum sem innihalda útvíkkað framvinduhorf skoðað í dómaprófinu í netkönnun verkefnisins. Niðurstöður úr dómaprófinu verða bornar saman við mat sama aldurshóps (9. bekinga) í Tilbrigðarannsókninni á sambærilegum setningum. Þannig verður leitast við að kanna hvort notkun á útvíkkuðu framvinduhorfi hafi aukist meðal íslenskra ungmenna á þeim 12 árum sem liðu milli þessara tveggja öndvegisverkefna. Hins vegar verður athugað hvort fylgni sé milli hlutfalls ensku í heildarílagi og jákvæðra dóma á setningum í dómaprófi netkönnunarinnar sem innihalda útvíkkað framvinduhorf. Til þess verður stuðst við niðurstöður netkönnunarinnar og ítarlegri niðurstöður úr einstaklingsviðtölunum auk niðurstaðna úr dómaprófinu í Stafrænu málsambýli.

## 4 Úrvinnsla gagna og niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður athugunar á útvíkkuðu framvinduhorfi í tveimur rannsóknarverkefnum, *Greiningu á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* og *Tilbrigðum í íslenskri setningagerð*. Í kafla 4.1 verður fjallað um gögnin sem niðurstöðurnar byggja á og þá aðferðafræði sem notuð er við greiningu gagnanna. Í kafla 4.2 verður greint frá niðurstöðum athugunarinnar. Í kafla 4.3 verða niðurstöðurnar svo greindar og ræddar í samhengi við þann fræðilega bakgrunn sem fjallað var um í 2. og 3. kafla ritgerðarinnar.

### 4.1 Gögn og aðferðir

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara eftirfarandi tveimur rannsóknarspurningum, sbr. (15).

- (15) a. Að hversu miklu leyti hefur notkun á útvíkkuðu framvinduhorfi færst í aukana í máli íslenskra ungmenna á undanförunum tólf árum?
- b. Hefur hlutfall ensku í heildarílagi íslenskra ungmenna í dag áhrif á mat þeirra á útvíkkuðu framvinduhorfi í dómaprófi?

Við athugun á fyrri rannsóknarspurningunni ber ég saman gögn úr *Tilbrigðaverkefninu* og *Stafrænu málsambýli* sem gerðar voru með 12 ára millibili. Öflun gagna við *Tilbrigðarannsóknina* hófst árið 2005 og stóð til ársins 2007 en gagnaöflun við *Stafrænt málsambýli* hófst árið 2017 og kemur til með að ljúka árið 2019. Tilgátan við fyrri rannsóknarspurningunni í (15a) er sú að notkun á útvíkkuðu framvinduhorfi hafi færst í aukana á síðustu 12 árum. Núlltilgátan er þá sú að ekki sé aukning á notkun útvíkkaðs framvinduhorfs milli rannsókna.

Við prófun á seinni rannsóknarspurningunni athuga ég fylgni milli dóma á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi og hlutfalls ensku í heildarílagi einstaklinga. Þar er aðeins stuðst við niðurstöður úr *Stafrænu málsambýli*, annars vegar niðstöður dóma á setningum með útvíkkuðu framvinduhorfi í netkönnun og hins vegar kortlagningu á ensku ílagi, bæði í netkönnun og í ítarlegri athugun sem fór fram með viðtölum. Tilgátan við síðari rannsóknarspurningunni, sbr. (15b), er sú að fylgni sé á milli hækkandi hlutfalls ensku í heildarílagi íslenskra ungmenna í dag og jákvæðra dóma þeirra á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi. Núlltilgátan er sú að ekki sé marktæk fylgni milli hækkandi hlutfalls ensku í heildarílagi og jákvæðra dóma á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi.

Við athugun á útbreiðslu útvíkkaðs framvinduhorfs á síðustu 12 árum voru niðurstöður rannsóknaverkefnanna tveggja, Tilbrigðaverkefnisins og Stafræns málsambýlis bornar saman. Aðeins einn aldurshópur var til athugunar, hópur 13-15 ára þátttakenda í Stafrænu málsambýli sem borinn var saman við 9. bekkinga (14-15 ára) í Tilbrigðarannsókninni. Heildarfjöldi þátttakenda í netkönnunarhluta Stafræns málsambýlis var 1615. Í hópi 13-15 ára þar voru alls 265 þátttakendur. Ekki voru sömu setningar lagðar fyrir alla þátttakendur svo fjöldi svarenda við hverja setningu á dómaprófi er töluvert lægri en heildarfjöldi þátttakenda, eða á bilinu 48-64 þátttakendur við hverja setningu. Þátttakendur í Tilbrigðarannsókninni voru alls 772 í fyrsta hluta rannsóknarinnar, 755 í öðrum hluta rannsóknarinnar og 713 í þeim þriðja. Aldurshópar Tilbrigðarannsóknarinnar voru þó færri en í Stafrænu málsambýli og var því heildarfjöldi þátttakenda í hópi 9. bekkinga 205 í fyrsta hluta, 197 í öðrum hluta og 200 í þeim þriðja. Í Tilbrigðaverkefninu voru allar setningar lagðar fyrir hvern þátttakanda svo heildarfjöldi svarenda við hverja setningu er á bilinu 197-205.

Við samanburð á dómum setninga í útvíkkuðu framvinduhorfi voru fimm setningar valdar úr hvorri rannsókn. Setningarnar voru valdar eftir sögnum svo hver setning í Stafrænu málsambýli er borin saman við setningu úr Tilbrigðarannsókninni með sömu sögn. Þær sagnir sem ekki voru prófaðar í báðum rannsóknum voru ekki teknar til greina þar sem ekki gafst kostur á beinum samanburði milli rannsókna. Sömu fimm sagnir voru síðan notaðar við mælingu á fylgni útvíkkaðs framvinduhorfs og magns ensku í ílagi. Þar sem fleiri en ein setning á dómaprófi innihélt sömu sögnina var leitast við að para saman setningar sem innihéldu ekki bara sömu sögnina heldur voru settar fram í sambærilegu samhengi. Stundum var þó aðeins ein setning í hvorri rannsókn sem innihélt tiltekna sögn og því gafst ekki alltaf kostur á því að velja sambærilegt samhengi. Valdar voru fimm setningar úr hvorri rannsókn, sbr. töflu 4.

Sögn	Rannsókn	Nr.	Prófsetning
Skilja	Tilbrigði	T1035	<i>Jón hefur átt í erfiðleikum með námið. Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina.</i>
	SMS	Q70_2	<i>Láru leiðist í dönskutímum í skólanum. Hún er ekki að skilja tilganginn með því að læra dönsku.</i>
Átta sig	Tilbrigði	T1003	<i>Það er furðulegt með þessa stjórnámálamenn. Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.</i>
	SMS	Q70_3	<i>Björn hefur ekkert gert í kvörtunarmálinu. Hann er ekki að átta sig á alvarleika málsins.</i>

Elska	Tilbrigði	T1105	<i>Stína og Gummi eru löngu hætt saman.</i> Hann er samt enn að elska hana.
	SMS	Q70_1	<i>Jón gefur ekki mikið fyrir nýjustu tækni.</i> Hann er samt að elska nýju spjaldtölvuna sína.
Standa	Tilbrigði	T3017	<i>Gunna er komin.</i> Hún er að standa þarna við hliðina á Jóni.
	SMS	Q80_2	<i>Hvar er Siggi?</i> Hann er örugglega að standa í biðröð fyrir utan einhvern skemmtistað.
Búa	Tilbrigði	T1045	<i>Biggi fær ekki íbúðina fyrr en eftir þrjá mánuði.</i> Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.
	SMS	Q80_4	<i>Jón virðist vera mjög háður foreldrum sínum.</i> Hann er enn að búa hjá foreldrum sínum þótt hann sé að verða fertugur.

Tafla 4. Setningar á dómaprófum í Tilbrigðaverkefninu og Stafrænu málsambýli sem bornar voru saman.

Tafla 4 sýnir allar prófsetningar sem bornar voru saman úr Tilbrigðaverkefninu og Stafrænu málsambýli. Sagnirnar sem teknar voru til athugunar eru allar ástandssagnir. Sögnin *að skilja* er skoðanasögn eins og lýst var í kafla 3.2. Sögnin *að átta sig* er í raun og veru breytingasögn eins og rætt var í kafla 3.2 og á því margt sameiginlegt með atburðasögnum. Hún hagar sér þó á svipaðan hátt og sögnin *að skilja* með útvíkkuðu framvinduhorfi þar sem hún tjáir einhvers konar skoðun eða afstöðu til skilnings. Sögnin *að elska* er skoðanasögn eins og sögnin *að skilja*. Sögnin *að standa* er dæmigerð stellingasögn sem er líka undirflokkur ástandssagna. Sögnin *að búa* gæti talist sem stellingasögn, sbr. umræður í kafla 3.2 en tjáir í raun lengri dvöl á stað en flestar stellingasagnir gera. Því mætti segja að fyrstu þrjár sagnirnar í töflu 4 séu skoðanasagnir og að síðustu tvær sagnirnar séu stellingasagnir.

Við athugun á fylgni ílags og útvíkkaðs framvinduhorfs voru niðurstöður dóma á setningunum fimm úr stafrænu málsambýli notaðar. Ílag er metið með tvennu móti. Annars vegar er stuðst við niðurstöður úr netkönnun og hins vegar úr einstaklingsviðtölum. Úr netkönnun voru notaðar tölur yfir enskuílag eintaklinga, bæði virkt og óvirkt ílag. Virkt ílag var metið út frá tali og skrifum en óvirkt ílag var metið út frá lestri og hlustun. Þátttakendur voru beðnir um að áætla gróflega hversu oft þeir stunduðu þessar fjórar athafnir á íslensku annars vegar og á ensku hins vegar. Svarmöguleikarnir voru fimm: daglega, nokkrum sinnum í viku, nokkrum sinnum í mánuði, á 2-6 mánaða fresti og sjaldnar en á 6 mánaða fresti. Þar sem langflestir þátttakendur sögðust stunda allar þessar athafnir á íslensku daglega verður aðeins stuðst við enskt ílag úr netkönnuninni. Í viðtölunum var ílag metið á nokkuð nákvæmari hátt. Þar voru þátttakendur beðnir að meta hversu mörgum mínútum þeir eyddu vikulega í

ákveðnar athafnir, bæði á ensku og íslensku. Þar var óvirkt ílag metið út frá þeim tíma sem þátttakendur eyddu í ýmsa ólíka miðla og afþreyingarefni bæði á ensku og íslensku. Virkt ílag var síðan metið út frá fjölda mínútna á viku sem þátttakendur eyddu í að tala og skrifa við mismunandi aðstæður, annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku.

Öll gagnaúrvinnsla fór fram í tölfræðiforritinu *R* með þökkunum *Tidyverse* (Wickham 2017) og *Dplyr* (Wickham o.fl. 2018). Samanburður á niðurstöðum dómaprófa í Tilbrigðarannsókninni og Stafrænu málsambýli verður settur fram með einföldum súluritum. Þar að auki var Wilcoxon marktektarpróf notað þar sem marktækni er miðuð við að *p*-gildi sé innan við 0,05. Dómaprófum rannsókna tveggja var ekki eins háttáð. Í Tilbrigðarannsókninni voru þátttakendur beðnir að meta setningar á þriggja punkta skala eftir því hvort þeim þætti setningin eðlileg, óeðlileg eða hvort þeir væru í vafa. Þessi svör eru hér eftir táknuð sem: *já*, *nei* og *óviss*. Í Stafrænu málsambýli voru þátttakendur einnig beðnir um að meta hvort setningin þætti eðlileg eða óeðlileg en þar voru gefnir upp fimm valmöguleikar: *alveg eðlileg*, *frekar eðlileg*, *hvorki óeðlileg né eðlileg*, *frekar óeðlileg* og *mjög óeðlileg*. Samræma þurfti skala dómaprófanna til þess að hægt væri að bera þá saman. Fyrstu tveir valmöguleikarnir í Stafrænu málsambýli voru því túlkaðir sem *já*, sá þriðji sem *óviss* og fjórði og fimmti sem *nei*.

Við athugun á fylgni útvíkkaðs framvinduhorfs og enskuílags í Stafrænu málsambýli er stuðst við línulega aðhvarfsgreiningu (e. *general linear model*). Marktæk fylgni er miðuð við að  $p < 0,05$ . Fyrst var fylgni jákvæðra dóma og hækkandi enskuílags metið út frá niðurstöðum netkönnunarinnar. Valkostirnir fimm sem gefnir voru á dómaprófi voru metnir sem tveir kostir. Þá voru breytur *alveg eðlileg*, *frekar eðlileg* og *hvorki óeðlileg né eðlileg* metnar sem jákvætt svar en breytur *frekar óeðlileg* og *mjög óeðlileg* metnar sem neikvætt svar.


Að því loknu voru ílagstölur úr netkönnun metnar. Eins og greint hefur verið frá voru þátttakendur beðnir um að meta hversu oft þeir legðu stund á fjórar athafnir á ensku: tal, skrif, lestur og hlustun. Svarmöguleikarnir voru fimm: *daglega*, *nokkrum sinnum í viku*, *nokkrum sinnum í mánuði*, *á 2-6 mánaða fresti* og *sjaldnar en á 6 mánaða fresti*. Valkostunum fimm var síðan gefið tölulegt gildi eða einskonar einkunn. Valkosturinn *daglega* fékk þá hæsta tölulega gildið 5 og *sjaldnar en á 6 mánaða fresti* fékk tölulega gildið 1 og hinir valkostirnir röðuðust þar á milli. Töluleg gildi hvernar athafnar (tals, skrifa, lesturs og hlustunar) voru síðan lögð saman svo hver einstaklingur fær tölulegt gildi á bilinu 4 til 20 sem segir til um magn ensks ílags. Fylgni þessa gildis og dóma setninga í útvíkkuðu framvinduhorfi var síðan metið. Fylgni jákvæðra dóma og



ílags var einnig metið sérstaklega eftir því hvort um var að ræða virkt eða óvirkt ílag. Að lokum voru ílagstölur úr einstaklingsviðtölum paraðar við þá einstaklinga sem tiltekin setning hafði verið lögð fyrir á dómaprófi í netkönnun. Þar var fjöldi mínútna enskuílags á viku metinn sem hlutfall af heildarílagi. Þær tölur voru síðan notaðar til athugunar á fylgni við jákvæða dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi. Í kjölfarið var fylgni við ílag metið út frá dómum á hverri sögn fyrir sig.

## 4.2 Niðurstöður og tölfræðileg úrvinnsla

Á undanförunum árum hefur setningin „ég er ekki að skilja þetta“ verið algeng í daglegu tali og þar að auki oft notuð sem dæmi þegar rætt er um útvíkkað framvinduhorf sem nýjung í málinu. Í samanburði á dómum á útvíkkuðu framvinduhorfi í Tilbrigðaverkefningu og Stafrænu málsambýli fá setningar með sögninni *að skilja* hátt hlutfall samþykkis í báðum rannsóknum, sbr. mynd 1.




Mynd 1. Stafrænt málsambýli: Jón hefur átt í erfðleikum með námið. Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina. Tilbrigði: Láru leiðist í dönskutímum í skólanum. Hún er ekki að skilja tilganginn með því að læra dönsku.

Mynd 1 sýnir að hlutfall jákvæðra dóma hefur hækkað úr 54% í Tilbrigðarannsókninni upp í 67% í Stafrænu málsambýli en hlutfall neikvæðra dóma hefur lækkað milli rannsókna. Hlutfall óvissra stendur hér um bil í stað. Niðurstöðurnar eru þó ekki marktækar þar sem  $p = 0,258$ . Eins og kom fram í kafla 3.2 tilheyrir sögnin *að skilja* verknáðargerðinni ástandi og er notuð til að tjá skoðun. Í báðum dæmasetningum er hún

þó notuð þannig að vísbendi er gefið um eiginleikann tímabindingu sem gerir henni kleift að standa með framvinduhorfi, eins og rætt var í kafla 2.2.


Afturbeygða sögnin *að átta sig* er svokölluð breytingarsögn. Merking hennar felur í sér breytingu og þar með hefur hún einhvers konar tímabindingu. Hún á því margt sameiginlegt með atburðarsögnum, sbr. umræður í kafla 3.2. Það mætti því búast við því að sögnin fengi töluvert hærra hlutfall jákvæðra dóma en aðrar og hefðbundnari ástandssagnir, sjá mynd 2.



Mynd 2. Stafrænt málsambýli: Björn hefur ekkert gert í kvörtunarmálinu. Hann er ekki að átta sig á alvarleika málsins. Tilbrigði: Það er furðulegt með þessa stjórnámamenn. Þeir eru bara ekki að átta sig á aðalatriðunum.

Sögnin *að átta sig* er sú sögn sem fær besta dóma með útvíkkuðu framvinduhorfi í Stafrænu málsambýli eða um 80% jákvæðra dóma en 57% jákvæðra dóma í Tilbrigðaverkefninu. Töluverð hækkun er á jákvæðum dómum milli rannsókna, sem bendir til þess að notkun á útvíkkuðu framvinduhorfi með breytingarsögnum sé enn að aukast. Niðurstöðurnar eru marktækar þar sem  $p = 0,001$ .

Merking sagnarinnar *að elska* veikist nokkuð með útvíkkuðu framvinduhorfi. Eiginleikinn tímabinding gefur til kynna að um sé að ræða tímabundna skoðun frekar en varanlega tilfinningu. Þessi nýja merking gerir það að verkum að sögnin er notuð í útvíkkuðu framvinduhorfi í öðru samhengi en sögnin hefur áður verið notuð í og þýðir í raun ekki það sama.




Mynd 3. Stafrænt málsambýli: Jón gefur ekki mikið fyrir nýjustu tækni. Hann er samt að elska nýju spjaldtölvuna sína. Tilbrigði: Stína og Gummi eru löngu hætt saman. Hann er samt enn að elska hana.

Mynd 3 sýnir að sögnin *að elska* hlýtur miklu betri dóma með útvíkkuðu framvinduhorfi í Stafrænu málsambýli en í Tilbrigðarannsókninni. Samhengi sagnarinnar í Tilbrigðarannsókninni er þess eðlis að sögnin getur í raun ekki fengið tímabundna merkingu. Ekki er gefið vísbendi um tímabindingu, sbr. kafla 2.2, heldur gefur samhengið til kynna að ástandið *að elska* sé varanlegt og komi ekki til með að breytast. Sögnin fær aðeins 19% jákvæðra dóma í Tilbrigðaverkefninu. Samhengi sagnarinnar *að elska* í Stafrænu málsambýli hefur skýrari merki um tímabindingu þar sem sögnin er notuð um tiskufyrirbæri sem felur í sér tímabundna skoðun. Sögnin fær miklu herra hlutfall jákvæðra dóma í Stafrænu málsambýli eða tæp 60%. Niðurstöðurnar eru marktækar þar sem  $p < 0,001$ .


Sögnin *að standa* er stellingasögn, eins og rætt var í kafla 3.2. Stellingasagnir ásamt veðursögnum geta síður staðið með útvíkkuðu framvinduhorfi í íslensku en skoðanasagnir og breytingasagnir. Stellingasagnir ganga aftur á móti vel upp í framvinduhorfi í ensku ólíkt mörgum skoðanasögnum, sbr. (12). Mynd 4 sýnir að stellingasögnin *að standa* fær ekki nema 18% jákvæðra dóma í Tilbrigðarannsókninni. Ekki er gefið skýrt vísbendi fyrir tímabindingu eða stjórn í setningunni og virðist sögnin því ganga illa með framvinduhorfi. Töluvert ólíkar niðurstöður fást í Stafrænu málsambýli þar sem 76% samþykkja sögnina með útvíkkuðu framvinduhorfi.

Niðurstöðurnar eru marktækar þar sem  $p < 0,001$ . Þar er að finna skýrt vísbendi um tímabindingu og gengur sögnin þess vegna vel upp með framvinduhorfi.



Mynd 4. Stafrænt málsambýli: Hvar er Siggi? Hann er örugglega að standa í biðröð fyrir utan einhvern skemmtistað. Tilbrigði: Gunna er komin. Hún er að standa þarna við hliðina á Jóni.


Sögnin að búa gæti flokkast sem stellingasögn í víðum skilningi. Hún lýsir þá nánar tiltekið varanlegri dvöl á stað. Henni getur því síður fylgt vísbendi um tímabindingu eðas helduren öðrum stellingasögnum, til dæmis þeim sem lýsa líkamstöðu eins og sögnin að standa gerir.



Mynd 5. Stafrænt málsambýli: Jón virðist vera mjög háður foreldrum sínum. Hann er enn að búa hjá foreldrum sínum þótt hann sé að verða fertugur. Tilbrigði: Biggi fær ekki íbúðina fyrr en eftir þrjú mánuði. Hann er að búa hjá mömmu sinni og pabba þangað til.

Mynd 5 sýnir að sögnin *að búa* fær ekki hátt hlutfall jákvæðra dóma, hvorki í Tilbrigðarannsókninni né í Stafrænu málsambýli. Þó er töluverð hækkun hlutfalls jákvæðra milli rannsókna, úr 18% í Tilbrigðaverkefninu í 39% í Stafrænu málsambýli. Niðurstöðurnar eru marktækar þar sem  $p < 0,001$ . Þessi sögn fær langlægst hlutfall jákvæðra dóma þeirra fimm sagna sem hér eru skoðaðar í Stafrænu málsambýli. Hvorki er gefið skýrt vísbendi um tímabindingu né stjórn. Þvert á móti er gefið í skyn að ástandið sé varanlegt og komi ekki til með að breytast og að frumlagið hafi ekki beina stjórn á verknaðinum. Þetta skýrir líklega lágt hlutfall jákvæðra dóma á sögninni *að búa* í Stafrænu málsambýli í samanburði við hinar sagnirnar fjórar.

Þegar niðurstöður dómaprófa eru teknar saman má sjá að allar fimm sagnirnar fá töluvert hærra hlutfall jákvæðra dóma í Stafrænu málsambýli en í Tilbrigðarannsókninni, sbr. mynd 6.




Mynd 6. Niðurstöður dómaprófa í Tilbrigðaverkefninu og Stafrænu málsambýli.

Á mynd 6 má sjá skýrt mynstur þess að samþykki á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi hefur aukist töluvert á þeim 12 árum sem leið milli rannsóknarverkefnanna tveggja. Mestur munur er á stellingasögninni *að standa* sem fer úr 18% jákvæðra dóma í Tilbrigðaverkefninu í 76% jákvæðra dóma í Stafrænu málsambýli. Stellingasagnir eru einmitt einn flokkur sagna sem ganga frekar upp í útvíkkuðu framvinduhorfi í ensku

heldur en íslensku. Því gætu þessar niðurstöður bent til að um sé að ræða áhrif frá ensku á útbreiðslu tilbrigðisins í íslensku.

Línuleg aðhvarfsgreining sýnir þó enga marktæka fylgni milli hækkandi hlutfalls ensku í ílagi og hækkandi samþykkis á setningum með útvíkkuðu framvinduhorfi þar sem  $p > 0,05$ . Þegar fylgni magns ensks ílags, eins og það var mælt í netkönnuninni, og dóma sagnanna fimm er skoðuð með línulegri aðhvarfsgreiningu fæst að  $p = 0,698$ . Stellingasagnir þykja líklegastar til þess að hafa tengsl við útvíkkun framvinduhorfs í ensku. Auk þess var mestur munur á dómum á sögninni *að standa* milli rannsókna. Því var samband dóma á sögninni *að standa* og ensks ílags í netkönnuninni skoðað sérstaklega. Aftur fékkst þó engin marktæk fylgni þar sem  $p = 0,698$ .

Ítarlegri mælingar á ílagi voru gerðar í viðtalshluta Stafræns málsambýlis. Þar var ílag mælt í mínútum og enskt ílag síðan reiknað sem hlutfall af heildarílagi einstaklings. Mynd 7 sýnir niðurstöður úr línulegri aðhvarfsgreiningu þar sem samband tveggja þátta er mælt, hlutfalls ensku í heildarílagi og jákvæðra dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi í Stafrænu málsambýli.



Mynd 7. Samband jákvæðra dóma og hlutfalls ensku í heildarílagi í Stafrænu málsambýli.

Eins og mynd 7 sýnir er nánast engin fylgni milli jákvæðra dóma 13-15 ára unglunga á útvíkkuðu framvinduhorfi og hlutfalls ensku í heildarílagi þeirra og er  $p = 0,879$ . Í

kjölfarið var fylgni dóma við hverja sögn fyrir sig athuguð. Engin marktæk fylgni fannst, hvorki með skoðanasögnunum *skilja*, *átta sig* og *elska* né með stellingasögnunum *standa* og *búa*. Niðurstöðurnar sýna því ekkert marktækt samband milli jákvæðra dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi og ensks ílags í málumhverfi þátttakenda.

### 4.3 Umræður

Niðurstöðurnar sem settar voru fram í kafla 4.2 sýna að jákvæðir dómur á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi hafa aukist töluvert á þeim 12 árum sem liðu milli rannsóknanna tveggja. Þetta á bæði við um skoðanasagnirnar *skilja*, *átta sig* og *elska* og um stellingasagnirnar *standa* og *búa*. Niðurstöðurnar gefa því til kynna að notkun á útvíkkuðu framvinduhorfi hafi færst í aukana á undanförunum árum. Hæst hlutfall jákvæðra dóma í Stafrænu málsambýli fær sögnin *að átta sig* en um 80% svarenda segir setninguna vera annað hvort frekar eða mjög eðlilega. Eins og rætt var í kafla 3.2 er sögnin *að átta sig* svokölluð breytingasögn. Sögnin felur í raun í sér tímabindingu að því leyti að merking hennar hefur í för með sér breytingu eða vendipunkt, rétt eins og atburðarsagnir, sbr. kafla 2.2. Framvinduhorfið gefur sögninni þann merkingarlega eiginleika að hún er í framvindu og tekur tíma.

Skoðanasagnirnar *að skilja* og *að elska* fá nokkuð betri dóma í Stafrænu málsambýli heldur en þær gerðu í Tilbrigðaverkefningunni. Munur milli rannsókna er þó mun meiri með sögninni *að elska* en ekki er marktækur munur milli rannsókna með sögninni *að skilja*. Þennan mun milli dóma á sögnunum tveimur mætti skýra með því að setningarnar í dómaprófum rannsóknanna tveggja eru nokkuð ólíkar merkingarlega. Setningin í Tilbrigðaverkefningunni hefur ekki skýra tímabindingu og gengur því illa í framvinduhorfi. Þar að auki virðist frumlagið alls ekki hafa stjórn á verknaðinum og því gengur sögnin illa upp í framvinduhorfi. Í dæmasetningunni í Stafrænu málsambýli er aftur á móti gefið mun skýrara vísbendi um eiginleikana tímabindingu og stjórn sem gæti skýrt þann mikla mun sem er á hlutföllum jákvæðra dóma milli rannsókna með sögninni *að elska*.

Mestur munur jákvæðra dóma milli rannsókna er á setningum með stellingasögninni *að standa*. Mjög skýrt vísbendi er gefið um tímabindingu og jafnvel stjórn í setningunni í Stafrænu málsambýli en ekki er gefið eins skýrt vísbendi um hvorki tímabindingu né stjórn í setningunni í Tilbrigðaverkefningunni. Þessi miklu munur milli jákvæðra dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi með sögninni *að standa* bendir til þess að

notkun á stellingasögnum, einum undirflokki ástandssagna, í útvíkkuðu framvinduhorfi hafi færst í aukana. Eins og fjallað var um í kafla 3.2 mætti ætla að ef aukningu á notkun útvíkkaðs framvinduhorfs mætti rekja til ensku þá væri líklegt að þeirra áhrifa gætti einna helst meðal þeirra undirdeilda ástandssagna sem eru mjög algengar í framvinduhorfi í ensku, svo sem stellingasagna, sbr. (14), og veðursagna.

Sögnina *að búa* mætti flokka sem einskonar stellingasögn eins og kom fram í kafla 3.2. Merking hennar felur þó í sér öllu varanlegra ástand heldur en sagnir sem lýsa líkamsstöðu gera. Því er erfiðara fyrir þær að hljóta vísbendi um tímabindingu eða stjórn. Sögnin *að búa* hlýtur ögn hærra hlutfall jákvæðra dóma en sögnin *að standa* í Tilbrigðarannsókninni. Því er þó öfugt farið í niðurstöðum Stafræns málsambýlis þar sem sögnin *að búa* hlýtur langlægst hlutfall jákvæðra dóma af sögnunum fimm. Samhengi sagnarinnar *að búa* gefur þó hvorki til kynna skýrt vísbendi um tímabindingu né stjórn sem gæti skýrt það hversu lágt hlutfall jákvæðra dóma er með sögninni í Stafrænu málsambýli.

Út frá afgerandi muni milli rannsókna með stellingasögninni *að standa* mætti ætla að um væri að ræða áhrif frá ensku þar sem enskuáreiti í málsamfélaginu hefur aukist mjög á síðustu árum. Mælingar á fylgni milli ensks ílags og jákvæðra dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi sýna þó ekki fram á nein marktæk áhrif, hvorki með einstaka sögnum, t.a.m. stellingasögnum, né þegar dómar allra sagnanna fimm eru til athugunar. Mögulegar skýringar gætu verið á þann veg að ílagsmælingar úr netkönnuninni séu ekki nægilega nákvæmar til þess að meta áhrif ensks ílags á jákvæða dóma einstakra tilbrigða. Þar sem um er að ræða aðeins einn aldurshóp af 11 er fjöldi þátttakenda verulega skertur en úrtakið í þessum aldurshópi er 265 einstaklingar. Þar að auki er hver setning ekki lögð fyrir alla þátttakendur svo að fjöldi svara við hverja setningu á dómaprófi í Stafrænu málsambýli er aðeins 48-65 einstaklingar. Einnig getur verið að aðeins lítill hluti af þessum þátttakendum hafi síðan verið boðaður í viðtal. Þegar samband ílagsmælinga úr einstaklingsviðtölum og jákvæðra dóma á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi voru metin var aðeins tekið tillit til ílagsmælinga þeirra þátttakenda sem viðkomandi setningar höfðu verið lagðar fyrir í netkönnuninni. Þrátt fyrir að ílagsmælingar í einstaklingsviðtölum séu mun nákvæmari en þær í netkönnuninni gæti úrtakið verið of lítið til þess að mæla megi fylgni milli hlutfalls ensku í heildarílagi og jákvæðra dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi með áreiðanlegum hætti.

Önnur skýring þess að ekki finnst fylgni milli jákvæðra dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi og aukinnar ensku í ílagi er sú að aukin notkun á útvíkkuðu



framvinduhorfi í íslensku sé sjálfstæð þróun sem ekki er háð áhrifum frá ensku. Þó svo að enska sé vissulega að ganga í gegnum sömu breytingar taka þær til annarra undirflokka ástandssagna í ensku en íslensku. Því gæti verið að íslenska og enska séu einfaldlega að taka svipuðum breytingum þar sem um er að ræða skyld tungumál. Þessarar þróunar gæti ekki í öðrum germönskum málum, en eins og kom fram í kafla 3.2 eru íslenska og enska einu germönsku málin sem tjá framvinduhorf setningarlega en önnur germönsk mál tjá framvinduhorf beygingarlega.

Eins og niðurstöður rannsóknarverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsabýlis* sýna hefur notkun ungra barna á snjalltækjum aukist mjög hratt á undanförunum áratug. Þar kemur meðal annars fram að í yngsta aldurhópi könnunarinnar, 3-5 ára, byrjuðu 8% þeirra barna sem nota snjalltæki á annað borð að nota þau fyrir eins árs aldur, 17% þegar þau voru eins árs og 33% þegar þau voru tveggja ára (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018:7). Þessi börn eru fædd á árunum 2013-2015. Ekkert barn í hópi 10-12 ára barna, sem fædd eru á árunum 2005-2007, byrjaði að nota snjalltæki eins árs eða fyrir eins árs aldur og aðeins 1% barna í þessum aldurhópi byrjaði að nota snjalltæki tveggja ára. Af þessum tölum má ætla að stafrænt málsambýli hafi haft mun meiri áhrif á máltöku barna sem fædd eru eftir tilkomu snjalltækjabyltingarinnar heldur en þau 13-15 ára ungmenni sem hér eru til athugunar, en þau eru fædd á árunum 2002-2004, nokkru fyrir tilkomu snjalltækjabyltingarinnar. Því gæti sú athugun sem hér hefur verið gerð á fylgni ensks ílags og útvíkkaðs framvinduhorfs leitt annað í ljós ef yngra úrtak væri tekið fyrir.

## 5 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið gerð athugun á útbreiðslu og eðli útvíkkaðs framvinduhorfs í máli 13-15 ára Íslendinga. Niðurstöður öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* hafa verið bornar saman við niðurstöður annars öndvegisverkefnis, *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*, sem fór fram 12 árum fyrr. Niðurstöður athugunarinnar sýna að jákvæðir dómar á setningum í útvíkkuðu framvinduhorfi hafa aukist milli rannsókna með öllum fimm ástandssögnum sem bornar voru saman. Af því mætti draga þá ályktun að notkun á útvíkkuðu framvinduhorfi með ástandssögnum sé að færast í aukana í íslensku. Niðurstöður á athugun á sambandi milli hækkanði enskuílags þátttakenda í *Stafrænu málsambýli* og jákvæðra dóma á útvíkkuðu framvinduhorfi sýndu enga marktæka fylgni þessara tveggja þátta. Af því mætti draga þá ályktun að útbreiðsla tilbrigðisins í íslensku sé óháð ensku. Þannig mætti skýra svipaðar breytingar sem eru að eiga sér stað í ensku með því að íslenska og enska eru skyld tungumál og gætu því verið að ganga í gegnum sömu breytingu samtímis en óháð áhrifum eins tungumálsins á annað. Þar sem þátttakendur í hópi 13-15 ára einstaklinga í *Stafrænu málsambýli* eru fæddir nokkru fyrir snjalltækjabyltinguna, á árunum 2002-2004, hefur enskt málareiti líklega verið minna á fyrstu árum ævi þeirra en meðal yngri aldurshópa rannsóknarinnar. Því gætu áhrif stafræns málsambýlis átt eftir að koma greinilegar í ljós meðal þeirra barna sem fædd eru eftir upphaf snjalltækjabyltingarinnar. Því gæti frekari úrvinnsla úr gögnum rannsóknarinnar leitt aðrar niðurstöður í ljós varðandi áhrif magns ensku í heildarílagi á útvíkkað framvinduhorf meðal yngri aldurshópa.

## Heimildaskrá

- Björn Guðfinnsson. (1958). *Íslensk málfræði handa grunnskólum og framhaldsskólum*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Brennu-Njáls saga*. (1954). Einar Ó. Sveinsson gaf út. Íslensk fornrit XII. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (1990). *Íslensk orðhlutafræði*. Sótt 25. mars 2019 af <https://notendur.hi.is/eirikur/ordhlfr.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2015). Að breyta fjalli staðli. *Hugrás*. Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Sótt 24. mars 2019 af <http://hugras.is/2015/11/ad-breyta-fjalli-stadli/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málpróunar. *Skírnir*, 190 (vor):17–31.
- Gunnar Gunnarsson. (2010). *Ástandssagnir í framvinduhorfi*. Ritgerð til BA-prófs í Almennum málvísindum við Háskóla Íslands.
- Hreinn Benediktsson. (2002). Icelandic *vera að* + Infinitive: Age and Origin. Í: Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottosson (ritstj.). *Linguistic Studies, Historical and Comparative* by Hreinn Benediktsson, bls. 449-469. [Greinin birtist upphaflega á íslensku í afmælisriti Gösta Holm, *Nordiska studier i filologi och lingvistik*, Lundi, 1976.] Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. (1999). Hvað eru margar tíðir í íslensku og hvernig vitum við það? *Íslenskt mál og almenn málfræði* 21:183-224.
- Höskuldur Þráinsson. (2001). Um nafngiftir hjálparsagnasambanda. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 23:229-252.
- Höskuldur Þráinsson. (2005). *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2013). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. I. Markmið, aðferðir og efniviður. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2015). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. II. Tölfræðilegt yfirlit. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson og Theódóra Torfadóttir. (2015). Um *vera að* og *vera búinn að*. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit, bls. 121-154. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). (2017). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. III. Sérathuganir. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

- Jón G. Friðjónsson. (1989). *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. (2007). Íslenskt mál, 103. þáttur. *Morgunblaðið* 26. maí 2007, bls. 30. Sótt 1. apríl 2019 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=285538&pageId=4162297&lang=is&q=26%20MA%CD%202007%20MORGUNBLA%D0I%D0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=285538&pageId=4162297&lang=is&q=26%20MA%CD%202007%20MORGUNBLA%D0I%D0)
- Kenny, Anthony. (1963). *Action, Emotion and Will*. Routledge and Kegan Paul, London.
- Kristín M. Jóhannsdóttir. (2015). Nafnháttarsýki. Um eðli og þróun orðasambandsins *vera að* +nafnháttur. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 37:9-68.
- Kristín M. Jóhannsdóttir. (2018). „Og hundurinn er að sofa líka.“ Um notkun framvinduorfs í vesturíslensku. Í: Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason (ritstj.). *Sigurtunga. Vesturíslenskt mál og menning*, bls. 323-340. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Kristján Árnason. (1980). *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólum. Síðari hluti. Iðunn, Reykjavík.
- Lyons, John. (1968). *Introduction to Theoretical Linguistics*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018). Stafrænt sambýli íslensku og ensku. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sérít 2018 – Menntakvika 2018. Sótt 20. apríl 2019 af [http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika\\_2018/05.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika_2018/05.pdf)
- Stefán Einarsson. (1945). *Icelandic. Grammar, Texts, Glossary*. The Johns Hopkins Press, Baltimore.
- Theódóra Torfadóttir. (2017). Ef ég er að skilja þetta rétt. Könnun á notkun *vera að*. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. III. Sérathuganir, bls. 39-60. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Vendler, Zeno. (1957). Verbs and Times. *Philosophical Review* 56:143-160. [Endurprentað í: Vendler. (1967). *Linguistics in Philosophy*, bls. 97-121. Cornell University Press, Ithaca.]
- Vigdís Finnbogadóttir. „Tungumál eru lykillinn að heiminum.“ Viðtal í *Morgunblaðið* 14. ágúst 2005, bls. 10-11.
- Wickham, Hadley. (2017). *Tidyverse: Easily Install and Load the ‘Tidyverse’*. R package version 1.2.1. <https://CRAN.R-project.org/package=tidyverse>
- Hadley Wickham, Romain François, Lionel Henry and Kirill Müller (2018). *Dplyr: A Grammar of Data Manipulation*. R package version 0.7.6. <https://CRAN.R-project.org/package=dplyr>
- Þórey Selma Sverrisdóttir. (2001). „Alltof fáir voru að leika eins og þeir geta best.“ Rannsókn á notkun hjálparsagnasambandsins *vera að* + nafnháttur í íþrótafréttum. Ritgerð til BA-prófs við Háskóla Íslands.
- Þórunn Blöndal. (1993). *Almenn málfræði*. Mál og menning, Reykjavík.

## Viðauki

### Línuleg aðhvarfsgreining dóma fimm sagna og enskuílags úr netkönnun SMS

Call:

```
glm(formula = domar ~ ilag, family = binomial, data = SMS_ilag)
```

Deviance Residuals:

Min	1Q	Median	3Q	Max
-1.7294	0.7124	0.7264	0.7406	0.7994

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	0.80039	0.96375	0.830	0.406
ilag	0.02206	0.05678	0.389	0.698

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 305.27 on 278 degrees of freedom  
Residual deviance: 305.12 on 277 degrees of freedom  
AIC: 309.12

Number of Fisher Scoring iterations: 4

### Línuleg aðhvarfsgreining dóma sagnarinnar að standa og enskuílags úr netkönnun

#### SMS

Call:

```
glm(formula = domar ~ ilag, family = binomial, data = SMS_ilag)
```

Deviance Residuals:

Min	1Q	Median	3Q	Max
-1.7294	0.7124	0.7264	0.7406	0.7994

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	0.80039	0.96375	0.830	0.406
ilag	0.02206	0.05678	0.389	0.698

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 305.27 on 278 degrees of freedom  
Residual deviance: 305.12 on 277 degrees of freedom  
AIC: 309.12

Number of Fisher Scoring iterations: 4

### Línuleg aðhvarfsgreining dóma fimm sagna og hlutfalls ensku í heildarílagi úr viðtölum SMS

Call:

```
glm(formula = domar ~ ensisl, family = binomial, data = vidtol)
```

Deviance Residuals:

	Min	1Q	Median	3Q	Max
	-1.6989	-0.4473	0.7590	0.7719	0.8002

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	0.9437	0.8943	1.055	0.291
ensisl	0.3600	2.3672	0.152	0.879

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 53.402 on 46 degrees of freedom  
 Residual deviance: 53.379 on 45 degrees of freedom  
 (89 observations deleted due to missingness)  
 AIC: 57.379

Number of Fisher Scoring iterations: 4

### Línuleg aðhvarfsgreining dóma sagnarinnar að *skilja* og hlutfalls ensku í heildarílagi úr viðtölum SMS

Call:

glm(formula = domar ~ ensisl, family = binomial, data = skilja\_ilagvidtol)

Deviance Residuals:

	Min	1Q	Median	3Q	Max
	-2.0015	0.3045	0.3679	0.5835	0.7129

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	0.7954	2.2414	0.355	0.723
ensisl	5.1853	9.2463	0.561	0.575

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 6.2790 on 8 degrees of freedom  
 Residual deviance: 5.8835 on 7 degrees of freedom  
 AIC: 9.8835

Number of Fisher Scoring iterations: 5

### Línuleg aðhvarfsgreining dóma sagnarinnar að *átta sig* og hlutfalls ensku í heildarílagi úr viðtölum SMS

Call:

glm(formula = domar ~ ensisl, family = binomial, data = atta\_ilagvidtol)

Deviance Residuals:

	Min	1Q	Median	3Q	Max
	6.547e-06	6.547e-06	6.547e-06	6.547e-06	6.547e-06

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	2.457e+01	1.645e+05	0	1
ensisl	-1.763e-09	4.141e+05	0	1

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 0.000e+00 on 8 degrees of freedom  
Residual deviance: 3.858e-10 on 7 degrees of freedom  
AIC: 4

Number of Fisher Scoring iterations: 23

### Línuleg aðhvarfsgreining sagnarinnar að *elska* og hlutfalls ensku í heildarílagi úr viðtölum SMS

Call:

```
glm(formula = domar ~ ensisl, family = binomial, data = elska_ilagvidtol)
```

Deviance Residuals:

Min	1Q	Median	3Q	Max
-1.7186	-0.7724	0.7203	0.8452	1.1029

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	1.720	1.698	1.013	0.311
ensisl	-2.410	4.147	-0.581	0.561

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 12.217 on 9 degrees of freedom  
Residual deviance: 11.877 on 8 degrees of freedom  
AIC: 15.877

Number of Fisher Scoring iterations: 4

### Línuleg aðhvarfsgreining dóma sagnarinnar að *standa* og hlutfalls ensku í heildarílagi úr viðtölum SMS

Call:

```
glm(formula = domar ~ ensisl, family = binomial, data = standa_ilagvidtol)
```

Deviance Residuals:

Min	1Q	Median	3Q	Max
-1.5416	-1.3803	0.8205	0.8928	1.0842

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	0.04916	2.15135	0.023	0.982
ensisl	2.03047	6.46841	0.314	0.754

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 11.457 on 8 degrees of freedom  
Residual deviance: 11.359 on 7 degrees of freedom  
AIC: 15.359

Number of Fisher Scoring iterations: 4

## Línuleg aðhvarfsgreining sagnarinnar að *búa* og hlutfalls ensku í heildarílagi úr viðtölum SMS

Call:

```
glm(formula = domar ~ ensisl, family = binomial, data = bua_ilagvidtol)
```

Deviance Residuals:

Min	1Q	Median	3Q	Max
-1.31877	-1.03336	-0.04294	0.88537	1.62362

Coefficients:

	Estimate	Std. Error	z value	Pr(> z )
(Intercept)	-2.478	2.397	-1.033	0.301
ensisl	5.911	5.520	1.071	0.284

(Dispersion parameter for binomial family taken to be 1)

Null deviance: 13.863 on 9 degrees of freedom  
Residual deviance: 12.562 on 8 degrees of freedom  
AIC: 16.562

Number of Fisher Scoring iterations: 4